



Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Skipulag útrýmingar

Ísrael og Palestína í ljósi landtöku-nýlendustefnu

Anna Margrét Pétursdóttir

Október 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRNMÁLAFRÆÐIDEILD

Skipulag útrýmingar
Ísrael og Palestína í ljósi landtöku-nýlendustefnu

Anna Margrét Pétursdóttir

Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórnmálafræði
Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir

Stjórnmálafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Október 2020

Titill ritgerðar

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði.
Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Anna Margrét Pétursdóttir, 2020
kt. 220494-2179

Reykjavík, Ísland, 2020

Útdráttur

Hefðbundin umfjöllun um átök Ísraels og Palestínumanna byggir gjarnan á túlkun á aðstæðunum sem óleysanlegri þjóðernisdeilu tveggja jafnvígra fylkinga. Í þessari ritgerð er leitast við að afbyggja hugmyndina um samband Ísraels og Palestínu sem deilu og færa þess í stað rök fyrir því að aðstæðurnar séu sviðsmynd landtöku-nýlendustefnu (e. settler colonialism). Til þess að leggja grunninn að röksemdarfærslunni eru helstu atriði úr sögu Ísraels og Palestínu tilgreind og landtöku-nýlendustefna útskýrð sem sjálfstæð fræðigrein. Aðstæðurnar, bæði í sögulegu samhengi og í nútímanum, eru síðan skoðaðar út frá greiningarramma landtöku-nýlendustefnu. Þetta er gert í gegnum umfjöllun um nokkrar helstu kenningar og grundvallareinkenni hennar: rökvísi útrýmingar, það að landtöku-nýlendustefna sé skipulag en ekki atvik, jákvæðar og neikvæðar víddir stefnunnar, algenga ferla hennar, íbúarekstur og sjálfsmynd landtökuverkefna og loks kenningar um tilfærslu.

Umfjöllunin bendir til þess að að pólitískur sionismi – sem varð að Ísrael – sé í grunninn evrópskt landtökuverkefni. Aðstæðurnar eru þannig ekki „deila“, og margumrætt ofbeldi Palestínumanna er fyrst og fremst andspyrna frumbyggja gegn nýlenduveldi. Áfallið mikla, *Nakba*, er þannig áframhaldandi ástand sem birtist í viðvarandi undirokun og útrýmingu Palestínumanna innan og utan Ísraelsríkis. Í gegnum þessa umfjöllun er sérstöðuhyggja Ísraels auk þess dregin í efa og sjálfsmynd þess sem nútímalýðræðisríkis gagnrýnd. Gagnrýnin og virk fræðileg umfjöllun byggð á greiningarramma landtöku-nýlendustefnu endurstillir þannig hefðbundið sjónarhorn og vekur upp áleitnar spurningar um raunverulegt réttlæti fyrir alla íbúa svæðanna.

Formáli

Þessi ritgerð er lokaverkefni mitt til BA-gráðu við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands vegna brautskráningar í október 2020. Hún er metin til 12 eininga (ECTS) af 180 eininga námi. Leiðbeinandi minn var Silja Bára Ómarsdóttir, en ég hefði sennilega aldrei lokið við þessa ritgerð ef ekki væri fyrir hennar leiðsögn og hvatningu. Ég er henni óendanlega þakklát fyrir alla þolinmæðina, góðu ráðin og stuðninginn. Það er ljóst að ég hefði ekki getað verið heppnari með leiðbeinanda. Ég á einnig frábæra fjölskyldu og vini sem spurðu mig ítrekað hvernig ferlið gengi þrátt fyrir að uppskera leiðinleg viðbrögð í hvert sinn – takk fyrir hugrekkið. Mamma og pabbi, allt sem ég geri er mögulegt ykkar vegna. Systir mín, Sara, er alltaf til staðar fyrir mig og hvetur mig áfram. Vinkonur mínar, Eyja og Björg, fá líka sérstakar þakkir fyrir yfirlestur og aðstoð. Að lokum vil ég þakka fólkinu sem ég kynntist í Palestínu og sýndi mér hvers virði samstaða er. Elsku Neta, Abed, og allir sem ég kynntist í gegnum ISM og Return: tilhugsunin um ykkur gefur mér von um betri heim fyrir alla.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
1 Inngangur	6
2 Bakgrunnur: Ísrael og Palestína	8
2.1 Samantekt.....	14
3 Landtöku-nýlendustefna	16
3.1 Skilgreining og saga.....	16
3.2 Rökvísi útrýmingar	20
3.3 Skipulag, ekki atvik	21
3.3.1 Ferlar landtöku-nýlendustefnu	23
3.4 Íbúarekstur	29
3.4.1 Sjálfsmynd landtökuverkefna.....	37
3.5 Tilfærsla	40
3.6 Samantekt.....	47
4 Lokaorð.....	51
Heimildaskrá	54

1 Inngangur

Átök Ísraels og Palestínnumanna eru þekkt sem ein stærsta langvarandi deila samtímans og flókið – jafnvel óleysanlegt – viðfangsefni alþjóðastjórn mála. Sú staðreynd að orðið *deila* (e. conflict) er almennt notað um samband Ísraels og Palestínu gefur ákveðna mynd af almennri túlkun þess innan alþjóðastjórn mála: samhverfri deilu tveggja stríðandi fylkinga. Fræðilegar túlkningar hafa haft þá tilhneigingu að einblína á Ísraelsríki sem sérstætt fyrirbæri, og framkvæmd sionískrar hugmyndafræði – hreyfiafl stofnunar ríkisins – sem röð aðgreindra, en þó skyldra atvika (Salamanca o.fl. 2013, 2–3). Yfirtaka og innlimun landsvæða, niðurrif húsa, brottrekstur, fjölgun landtökubýggða og skert ferðafrelsi (sjá Sameinuðu þjóðirnar 2019) eru þannig aðeins nokkur dæmi um aðferðir sem eru túlkaðar í vestrænum fræðum sem aðskiljanlegir hlutar illleysanlegrar og hatrammrar deilu ísraelskra gyðinga annars vegar og múslimskra Palestínnumanna hins vegar (Salamanca o.fl. 2013, 2). Á meðal hörðustu stuðningsmanna sionisma er aðstæðunum jafnvel lýst sem baráttu „eina lýðræðisríkisins í Mið-Austurlöndum“ gegn íslömskum hryðjuverkamönnum.

Í ritgerðinni verður leitast við að afbyggja hugmyndina um Ísrael og Palestínu sem deilu og færa þess í stað rök fyrir því að aðstæðurnar séu sviðsmynd landtöku-nýlendustefnu (e. settler colonialism). Þetta verður gert í gegnum umfjöllun um einkenni og kenningar landtöku-nýlendustefnu, samhliða tengingum við aðstæðurnar. Greiningarramma og kenningum landtöku-nýlendustefnu verður þannig beitt til þess að skilja sögulegt samhengi og núverandi tilvist Ísraelsríkis sem framvindu landtökuverkefnis (e. settler colonial project). Það að beita sjónarhorni landtöku-nýlendustefnu er tilraun til þess að endurstilla hefðbundinn skilning á aðstæðunum, auk þess að afbyggja staðhæfingar um sérstöðuhyggju (e. exceptionalism)¹ Ísraels með því að kalla á samanburð við önnur landtökuverkefni – ekki evrópsk nútímalýðræðisríki, sem Ísrael leitast sjálft við að bera sig saman við (Salamanca o.fl. 2013, 4–5). Tilhneigingin til að útskýra núverandi ástand sem deilu gerir gyðinga jafnframt samofna Ísrael, sem kyndir annars vegar undir óöryggi hvað varðar gagnrýni á stjórnarhætti Ísraelsríkis, og tilvist þess í núverandi mynd, og útvegar hins vegar þeim sem eru vissulega sekir um gyðingahatur afsökun til þess að réttlæta fordóma sína (Abunimah 2019). Sionismi og Ísrael eru þættir í samtímasögu gyðinga, en ekki órjúfanlegur hluti sjálfsmyndar þeirra – auk þess sem margir gyðingar starfa í samstöðu með Palestínnumönnum (sjá til dæmis samtökin Zochrot og Jewish Voice for Peace).

¹ Ísrael hefur þó að vissu leyti sérstöðu; bæði vegna óvenjulegra hugmynda um tilkall byggt á vísunum í Biblíuna – og sem eina nútímaríkið sem þar sem trúarlegur bakgrunnur er samofinn þjóðerni (e. ethno-religious state) sbr. lög Ísrael um ríkið sem þjóðríki gyðinga eingöngu, sem fjallað verður um í ritgerðinni.

Fræðirammi landtöku-nýlendustefnu er fræðirammi gagnrýnnar, virkrar fræðimennsku, sem ekki er hægt að aðskilja frá hugmyndum um réttlæti (Collins 2011, x, 10–13). Rasískri og fordómafullri hugmyndafræði er ekki viðhaldið í gegnum notkun hans, heldur er hún afbyggð. Hefðbundnar og ráðandi nálganir víkja þannig fyrir gagnrýnum skilningi í anda til dæmis eftirlendufræða (e. postcolonial studies) og annarra gagnrýnna fræðigreina.

Ritgerðin er heimildaritgerð, en er nokkuð óhefðbundin að uppbyggingu: það skýrist af því að hér er gerð tilraun til þess að setja aðstæður, sem margir telja sig hafa einhverja innsýn í, inn í umgjörð sem fáir þekkja. Sú umgjörð, landtöku-nýlendustefna, er þess vegna meginviðfangsefni ritgerðarinnar. Ritgerðin hefst á grófri samantekt á sögulegum atburðum og núverandi aðstæðum Ísraels og Palestínu, en aðalkaflinn hennar samanstendur af fræðilegri umfjöllun um nokkur grundvallareinkenni, hugtök og ferla landtöku-nýlendustefnu samhliða því að þessi umfjöllun er tengd við Ísrael og Palestínu. Fyrst verður landtöku-nýlendustefna skilgreind í gegnum samanburð við hefðbundna nýlendustefnu (e. colonialism) og saga hennar sem fræðigreinar stuttlega rakin. Næst verður fjallað um *rökvísi útrýmingar* (e. logic of elimination) sem grundvallar landtöku-nýlendustefnu. Þar á eftir verður fjallað um landtöku-nýlendustefnu sem skipulag, frekar en atvik, en undir þeim kafla eru þrír aðrir: í fyrsta lagi umfjöllun um ferla landtöku-nýlendustefnu, í öðru lagi svokallaðan íbúarekstur landtökuverkefna og í þriðja lagi sjálfsmýnd þeirra. Síðasti undirkaflinn fjallar um mikilvægi *tilfærslu* (e. transfer) fyrir landtökuverkefni, en tilfærsla er grundvallarhugmynd innan pólitísku sionisma.

Tenging mín við efnið byggist á áhuga á málefninu og persónulegu ferli sem hefur falist í því að skoða hvar hvít og evrópsk yfirburðarhyggja (e. supremacy) og valdaniðsla birtist í mínu eigin lífi og heiminum eins og ég þekki hann. Landtöku-nýlendustefna er bæði áframhald þessarar yfirburðarhugmynda og upphafspunktur fyrir vissa birtingarmynd þeirra. Fyrir fáeinum árum ferðaðist ég til Palestínu þar sem ég starfaði við hlið palestínskra og ísraelskra aðgerðarsinna, sem hafa veitt mér innblástur til þess að kafa dýpra í fræðilega nálgun sem er frjáls frá yfirborðskenndu hlutleysi og er ekki aðskilin samstöðu.

2 Bakgrunnur: Ísrael og Palestína

Fræðileg umfjöllun á Vesturlöndunum um aðstæðurnar leggur iðulega áherslu á hernámið frá árinu 1967 og ísraelskar landtökubyggðir (e. settlements) á Vesturbakkanum sem helstu erfiðleikana sem vofa yfir palestínsku þjóðinni. Hins vegar hefur brottrekstur næstum 800.000 Palestínumanna, um helmingis þjóðarinnar, og yfirtaka á landsvæðum þeirra árið 1948 – *Áfallið mikla*, eða Nakba – hlotið minna vægi, þrátt fyrir áframhaldandi útlegð palestínsks flóttafólks og afkomenda þess (Pappé 2006, xiii). Með skorti á heildstæðum greiningarramma er þessi forsenda tilvistar Ísraelsríkis ekki hluti af stærra skipulagi, og hernámið og ísraelskir stjórnarhættir álitnir sérstakir verufræðilegir flokkar sem eru einnig aðgreinanlegir öðru skipulagi – ekki hlutar af heild. Samkvæmt höfundum greinarinnar *Past is Present: Settler Colonialism in Palestine* eru fyrri kynslóðir Ísraels þannig leystar undan ábyrgð á skipulagi sem hefur lagt grunn að ríkinu frá upphafi. *Græna línan*² hefur orðið tákn fyrir sjálfsagða klofningu Palestínumanna, sem eru álitnir greiningarlega aðskildir hlutar af púsluspili sem reynist ómögulegt að setja saman (Salamanca o.fl. 2013, 3).

Atburðarásin eins og hún er rakin hér er tiltölulega lausleg, en í gegnum ritgerðina verður lögð áhersla á einstök atriði þegar það á við og þau tengd saman. Ekki mun takast að gera öllum atburðum skil, jafnvel þótt þeir séu annars mikilvægir. Framvindan – sem náði hámarki með stofnun Ísraelsríkis – hófst á uppgangi pólitísku sionisma og staðhæfingum sionista um þörf gyðinga fyrir eigið fullvalda þjóðríki. Áform um landnám í Palestínu, djúpstæð sannfæring um tilkallsrétt til landsins og hugmyndir um menningarlegt tómarúm í anda evrópskrar heimsvaldastefnu sameinuðust í þeirri ályktun að innfæddir íbúar ættu að víkja fyrir aðkomufólkinu. Theodor Herzl, faðir pólitísku sionisma, gerði snemma grein fyrir hugmyndum um brottrekstur og tilfærslu Palestínumanna – þar á meðal í bókinni *Gyðingaríkið* (*Der Judenstaat* á frummálinu), sem kom út árið 1896. Auk þess innihéldu dagbókafærslur hans vísanir að áformum sem urðu fyrirferðarmikil í leit sionisma að lausninni við „Arabavandamálinu“ svokallaða; þar á meðal hugmyndir um að eiga viðskipti við erlendar ríkisstjórnir fram hjá innfæddum íbúum, yfirtöku á landeignum, „hebreskt“ land, „hebreskt“ vinnuafl og brottrekstur eða tilfærslu innfæddra íbúa (Masalha 1994, 8). Þrátt fyrir að vera veraldleg frekar en trúarleg hreyfing byggðist tilkall pólitísku sionisma til landsvæða Palestínu á hugmyndum um ríki gyðinga í *Eretz Israel* – lands Ísraels til forna – tvö þúsund árum áður (Smith 2017, 32).

² Græna línan vísar til landamæra Ísraelsríkis eftir stofnun þess 1948 og þar til ársins 1967, þegar Ísrael hernam fleiri palesínsk landsvæði og hóf frekari útvíkkun landamæra sinna – ferli sem er áframhaldandi.

Upphafspunktur pólitísku sionisma er oft staðsettur við árið 1881, þegar nokkur fjöldi rússneskra gyðinga flutti til Palestínu eftir auknar ofsóknir. Þetta markaði byrjun fyrsta aðflutnings gyðinga – *aliyah*³ – sem entist til ársins 1904. Hreyfing sionista byrjaði smám saman að styrkjast, og árið 1897 var fyrsta þing þeirra (e. First Zionist Congress) haldið í Evrópu, auk þess sem Heimssamtök sionista (e. World Zionist Organization) voru stofnuð. Nokkrum árum síðar, árið 1901, var Þjóðarsjóður gyðinga (e. Jewish National Fund, hér eftir JNF) stofnaður í þeim tilgangi að kaupa upp jarðir í Palestínu, sem urðu þar með óframseljanlegar til annarra en gyðinga. Árið 1904 hófst annað *aliyah*, sem stóð yfir til ársins 1914. Árið 1908 stofnuðu sionistar Palestínuskrifstofuna (e. the Palestine Office) til þess að miðstýra aðgerðum sínum í Palestínu, en Stjórnarstofnun gyðinga (e. the Jewish Agency) tók við árið 1929. Árið 1909 var fyrsta landbúnaðarnýlenda sionista, eða *kibbutz*, stofnuð og sama ár hófst uppbygging Tel Avív; fyrstu borgarinnar sem var alfarið í eigu gyðinga (Pappé 2017, 145). Bretar höfðu talað fyrir alþjóðavæðingu Palestínu eftir hnignun Ottómanveldisins en hagsmunir þeirra í fyrri heimsstyrjöldinni – auk stuðnings við málstað sionista, sem þótti meðal annars þjóna betur evópskri heimsvaldastefnu – leiddi til útgáfu Balfour-yfirlýsingarinnar í nóvember 1917, sem tryggði stuðning Bretlands fyrir heimalandi gyðinga í Palestínu (Smith 2017, 120–21). Árið 1920 tryggði San Remo ráðstefnan Bretum formlega forsjá yfir Palestínu, sem varð þá breskt umboðssvæði (e. mandate). Sama ár var Hagana, herlið sionista, sett á fót ásamt Histadrut-stofnuninni, sem hafði það hlutverk að vera miðlæg stýring á vinnuafli gyðinga og tryggja yfirráð þeirra á vinnumarkaði (Pappé 2017, 145).

Árið 1936 braust uppreisn Araba (e. Arab Revolt) út og varði til 1939. Þjóðernishyggja í evrópskri merkingu var ekki útbreidd í Palestínu fyrr en andspyrna hófst gegn sionískri þjóðernishyggju (Smith 2017, 64). Uppreisnin endaði með ósigri Palestínumanna, en skortur á forystu þýddi að þeir voru leiðtogalausir á sama tíma og sionistar, undir stjórn David Ben-Gurion, höfðu aldrei verið sterkari. Árið 1937 gaf konungleg nefnd undir forystu Peels lávarðs (e. Peel Royal Commission) út skýrslu sem kallaði eftir uppskiptingu landsvæða Palestínu. Tillögurnar mættu mikilli andstöðu bæði Palestínumanna og Araba í nágrannalöndum, og leiddu til ofbeldisfyllri hluta uppreisnarinnar. Bretar brugðust við með harðræði, meðal annars með því að sprengja upp hús fjölskyldna sem voru grunaðar um að hýsa uppreisnarmenn – þessi taktík var síðar notuð af Hagana og er enn algeng í Ísrael sem hóprefsing, þrátt fyrir að brjóta gegn alþjóðalögum og falla undir stríðsglæpi (Smith 2017, 223–24). Árið 1939 gáfu bresk

³ Orðið „*aliyah*“ er hebreskt orð sem er notað til þess að vísa til aðflutnings gyðinga til landsvæða *Eretz Israel*; einnig nefnt Ísrael til forna eða fyrirheitna landið.

stjórnvöld út Hvítbók (e. White Paper) sem innihélt ótrúlegan viðsnúning á hugmyndum Balfour-yfirlýsingarinnar af þeim sökum að yfirvofandi heimsstyrjöld krafðist góðvildar Araba frekar en sionista. Hvítbókin kallaði eftir heimalandi gyðinga *innan* frjáls palestínsks ríkis, auk þess sem aðflutningur þeirra yrði mjög takmarkaður. Ben-Gurion, sem varð síðar fyrsti forsætisráðherra Ísraels, lýsti því yfir að gyðingar myndu berjast á móti framkvæmd þessara tillagna (Smith 2017, 228–30).

Árið 1947 lýstu Bretar yfir endalokum umboðsstjórnar sinnar við nýstofnaðar Sameinuðu þjóðirnar og færðu spurninguna um örlög Palestínu yfir til þeirra. Þær stofnuðu sérstaka nefnd – *UNSCOP* – sem mældi aftur með uppskiptingu Palestínu. Tillagan var staðfest af allsherjarþinginu, en á sama tíma lögðu sionískar hersveitir til atlögu gegn Palestínumönnum og hófust handa við að „hreinsa“ Palestínu af innfæddum; bæði í gegnum fjöldamorð og brottrekstur. Árið 1948 náði brottreksturinn hámarki og stofnun Ísraelsríkis var lýst yfir á síðasta degi breskrar umboðsstjórnar (Pappé 2006, 285–86).

Hlutfallslega litlar hersveitir nærliggjandi Arabalanda réðust inn í það sem var nú Ísrael, sem háði við þau stríð á sama tíma og lokið var við brottrekstur helmings palestínsku þjóðarinnar. Flestir Palestínumenn flúðu á Vesturbakkann, á Gaza-ströndina eða til nágrannalanda – aðallega Jórdaníu, Líbanon og Sýrlands. Helmingur palestínskra þorpa var jafnaður við jörðu, ásamt ellefu af tólf bæjum (Pappé 2017, 146). Nýjar byggðir Ísraels voru reistar þar sem palestínsk hús stóðu áður, auk þess sem JNF fékk það hlutverk að planta skógum og koma upp almenningssvæðum á rústum palestínskra þorpa og bæja (Pappé 2006, 227).

Um tuttugu prósent Palestínumanna urðu síðan eftir innan nýstofnaðs Ísraelsríkis, en milljónir palestínsks flóttafólks eru enn í útlegð utan sívikkandi landamæra Ísraels. Árið 2019 var 1.386.455 flóttafólk skráð í Gaza, 828.328 á Vesturbakkanum og í Austur-Jerúsalem, 552.000 í Sýrlandi, 475.075 í Líbanon og 2.206.736 í Jórdaníu. Palestínskt flóttafólk er skilgreint sem fólk sem átti heimili í Palestínu á tímabilinu 1. júní 1946 til 15. maí 1948 og missti bæði heimili sín og getu til þess að sjá sér farborða eftir „deiluna“, auk afkomenda þess (Sameinuðu þjóðirnar 2019, 19). Hernámið er oft álitíð stærsta vandamálið sem Palestínumenn standa frammi fyrir, en Palestínumenn á Vesturbakkanum og Gaza eru að miklu leyti flóttafólk sem bjó í margar aldir á landsvæði þess sem nú er Ísrael. Því má segja að *Nakba* hafi mótað aðstæður og „deilu“ Ísraels og Palestínu meira en nokkuð annað.

Árið 1949 staðfesti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna rétt palestínsks flóttafólks til þess að snúa aftur til heimalanda sinna með ályktun 194 (Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna 1948), sem hefur margsinnis verið ítrekuð í gegnum árin. Herstjórn var sett yfir Palestínumenn sem

höfðu orðið eftir innan nýstofnaðs Ísraelsríkis, og var við lýði til ársins 1966 (Pappé 2017, 146). Árið 1950 voru sett lög um heimkomu (e. the Law of Return), sem veittu öllum gyðingum rétt til þess að koma til Ísrael. Árið 1952 tryggðu síðan lögin um ríkisborgararétt (e. the Citizenship Law) öllum gyðingum sem komu til ríkisins undir lögunum um heimkomu ísraelskan ríkisborgararétt. Lögin skilgreindu jafnframt Palestínumenn sem bjuggu utan Ísraels á tímabilinu 1948 til 1952 – þá sem höfðu yfirgefið heimili sín í atburðum *Nakba* – sem „fjarstadda“ (e. absentees), og hindraði þá í að koma aftur til landsins. Lög um eignir fjarstaddra frá árinu 1950 (e. the Absentee Property Law) gerðu eignir þeirra síðan að ríkiseignum Ísraels (Al-haq o.fl. 2019, 9-10): þau hús sem stóðu eftir heil urðu ríkiseign Ísrael, og voru meðal annars afhent nýlega aðfluttum gyðingum frá Austur-Evrópu. Árið 1967 hófst Sex daga stríðið (e. the Six-Day War), þar sem Ísrael hernam Sínaí-skagann, Gaza-ströndina, Gólan-hæðir, Austur-Jerúsalem og Vesturbakkann. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna gaf út ályktun 242, þar sem Ísrael var krafist um að draga sig frá hernumdu svæðunum (Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna 1967). Sama ár hófst uppbygging landtökubyggða á Vesturbakkanum og á Gaza-ströndinni (Pappé 2017, 146).

Árið 1981 voru Gólan-hæðir innlimaðar og ári síðar hófu Ísraelar hernaðaraðgerð (e. Operation Peace of the Galilee) þar sem ráðist var inn í Líbanon í tilraun til þess að granda Frelshreyfingu Palestínumanna (e. Palestinian Liberation Organization, hér eftir PLO). Árið 1987 hófst fyrsta uppreisn – *Intifada* – Palestínumanna. Árið 1991 var alþjóðleg ráðstefna um málefni Palestínu haldin í Madrid, og árið 1993 skrifaði Yasser Arafat fyrir hönd PLO undir fyrsta Oslóarsamkomulagið (I) í Hvíta húsinu, ásamt Yitzhak Rabin fyrir hönd Ísraels (Pappé 2006, 146-47). Hvorki spurningin um *Nakba* né efni ályktunar 194 var á samningaborðinu í friðarviðræðunum svokölluðu, sem voru að mestu leyti undir stjórn sionista. Þeir sem stóðu helst að baki formúlu Oslóarsamkomulagsins voru sionískir menntamenn sem höfðu verið áberandi í „friðarbúðum“ (e. peace camp) Ísrael frá árinu 1967 (Pappé 2006, 241).

Oslóarsamkomulag II var undirritað árið 1995, og bráðabirgðasamkomulag var gert um palestínska stjórn á hluta Vesturbakkans og Gaza-strandarinnar. Eftirstandandi landsvæðum Palestínu var skipt í þrjú svæði: A, B og C, þar sem stjórn Palestínu (e. Palestinian Authority, hér eftir PA) yrði háttáð á mismunandi hátt (Pappé 2017, 147). Svæði C, sem var undir fullri stjórn Ísraels, náði yfir 61% Vesturbakkans, en þar eru flest frjósöm ræktarlönd og náttúruauðlindir Palestínu staðsett, ásamt flestum landtökubyggðum Ísraels. Svæði A, sem náði yfir minna en 18% Vesturbakkans, var fært undir stjórn PA, en svæði B átti að vera stjórnað sameiginlega af PA – sem færi með borgaralega stjórn – og Ísrael, sem færi með öryggismál

(UNCTAD 2016, 7). Ísrael hefur þó alltaf lokaheimildina varðandi öryggi; vítt hugtak sem felur meðal annars í sér regluleg áhlaup á öll svæði Vesturbakkans.

Ákveðnar klausur í samkomulaginu voru misvísandi, auk þess sem gert var ráð fyrir því að samkomulagið væri tímabundið og að svæðin yrðu smám saman færð undir frekari stjórn Palestínumanna. Landsvæði í kringum þéttbýliskjarna á svæði A og B eru gjarnan skyndilega yfirlýst svæði C af ísraelskum stjórnvöldum, til dæmis með því að tileinka þau herþjálfun (e. „firing zones“), en þetta hindrar frekari uppbyggingu palestínskra byggða. Palestínumenn sem búa á þessum svæðum eiga ávallt von á því að heimili þeirra verði jöfnuð við jörðu af ísraelska hernum, auk þess sem viðstöðulaus uppbygging landtökubbyggða stuðlar að áframhaldandi klofningi Palestínu (B'tselem 2013).

Palestínumenn gerðu ráð fyrir því að landtökubbyggðir á Vesturbakkanum brytu gegn skilmálum samkomulagsins. Þessu neituðu ísraelsk stjórnvöld, sem sögðu að brottrekstur landtökufólks myndi leiða til borgarastyrjaldar. Væntingum Palestínumanna var þannig hafnað og þeir gerðir ábyrgir fyrir því sem gæti farið úrskeiðis – að því virtist með samþykki Bandaríkjamanna, sem voru aðilar að viðræðunum (Smith 2017, 661–62). Sérstakt samkomulag var gert um Hebron, eða Al-Khalil, sem er heilagt svæði fyrir bæði múslima og gyðinga og hafði lengi verið miðpunktur herskárra sionista. Borginni var skipt í tvo hluta: H-1 hlutinn féll undir svæði A á meðan hluti H-2 var færður undir stjórn ísraelska hersins. Svæðið innihélt þar á meðal Gömlu borgina (e. the Old City), þar sem lítið landtökusamfélag gyðinga býr innan um Palestínumenn og er verndað af ísraelska hernum. Palestínumenn þurfa að fara í gegnum eftirlitsstöðvar til þess að komast leiðar sinnar og búa við íþyngjandi viðveru hersins og reglulegt ofbeldi landtökufólks (Smith 2017, 673–75).

Árið 1996 var fyrsta stjórn Benjamin Netanyahu mynduð. Fjórum árum síðar, árið 2000, braust annað *Intifada* Palestínumanna út. Árið 2002 var bygging aðskilnaðarveggjarins við Vesturbakkann samþykkt af ísraelskum stjórnvöldum, og henni var hrint í framkvæmd ári síðar. Árið 2005 rýmdi Ísrael byggðir gyðinga og herstöðvar sínar á Gaza-ströndinni. Árið 2006 vann Hamas kosningar á öðru löggjafarþingi Palestínu (e. Palestinian Legislative Council), sem leiddi til þess að Ísrael – ásamt Bandaríkjunum, Rússlandi, Sameinuðu þjóðunum og Evrópusambandinu – samþykkti refsiaðgerðir gegn PA og frysti alla fjárhagsaðstoð til Palestínu. Árið 2006 var Gaza-ströndin sett í herkví (e. blockade) af ísraelskum stjórnvöldum og Ísrael hóf árásir á svæðið. Ísrael hefur síðan reglulega gert atlögu að Gaza, meðal annars árin 2008 (e. Operation Cast Lead), 2012 (e. Operation Pillar of Cloud) og 2014 (e. Operation

Protective Edge). Gríðarlegt mannfall og eyðilegging hefur fylgt þessum árásum, sem eru réttlættar með aðgerðum Hamas (Pappé 2017, 148).

Grundvallarlög sem tilgreindu Ísrael sem þjóðríki gyðinga (e. *Basic Law: Israel – the Nation State of the Jewish People*) voru samþykkt 19. júlí 2018, sjötíu árum eftir *Nakba* og stofnun Ísraelsríkis. Þau hafa sérstaklega táknað gildi, en staðfesta í reynd aðeins það sem hefur verið ljóst frá upphafi sioníska verkefnisins. Þau tilgreina land Ísrael, *Eretz Israel*, sem sögulegt heimaland gyðinga og Ísrael sem þjóðríki þeirra, þar sem stjórn á náttúruauðlindum, menningarlegur, trúarlegur og sögulegur sjálfsákvörðunarréttur sé eingöngu í höndum gyðinga. Að auki tilgreina lögin meðal annars að Jerúsalem, heil og sameinuð, sé höfuðborg Ísrael; að hebreska sé opinbera tungumál ríkisins og að ríkið sé opið fyrir frjálsan aðflutning gyðinga. Einnig kemur fram að landtökubyggðir gyðinga séu þjóðarverðmæti og að ríkið skuli beita sér fyrir frekari uppbyggingu þeirra (Knesset 2018).

Samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2019 má marka uggvænlega þróun í tengslum við útpenslu og fjölgun ólöglegra ísraelskra landtökubyggða – sem falla undir stríðsglæpi samkvæmt ákvæðum Genfarsáttmálans um vernd borgara á stríðstímum – auk aukningar á ofbeldi landtökufólks gegn Palestínumönnum. Nefndin lítur á landtökubyggðir sem einn meginþrákraft mannréttindabrota á hernumdu svæðunum, þar sem þær stuðla meðal annars að hömlum á ferðafrelsi Palestínumana, ofbeldi landtökufólks, skemmdarverkum og eyðileggingum á palestínskum eignum. Einnig eru til staðar áhyggjur varðandi innlimun hluta Vesturbakkans sumarið 2020, þar á meðal landtökubyggða, í ljósi yfirlýsinga og áforma ísraelskra stjórnvaldanna. Áætlað er að meira en 413.000 landtökufólk búi nú í 132 landtökubyggðum og 106 útvarðarstöðvum (e. outposts) á svæði C, sem er næstum því fimmtíu prósentu aukning frá árinu 2008. Að auki býr um 215.000 landtökufólk í Austur-Jerúsalem, sem þýðir að heildarfjöldi landtökufólks er um 630.000. Samþykktar húsnæðiseiningar fyrir landtökubyggðir árið 2019 höfðu auk þess ekki verið fleiri síðan árið 2002 (Sameinuðu þjóðirnar 2019, 6–7).

Í ísraelskum stjórnámálum hefur ávallt verið lögð áhersla á hugmyndina um tilvistarrétt Ísraelsríkis (e. right to exist) sem ríki gyðinga. Á tímum breskar umboðsstjórnar kvað Ben-Gurion forsendu nokkurs samkomulags við Palestínumann vera að þeir viðurkenndu fullkomið vald og yfirráð sionisma (Masalha 1994, 195). Aðeins þegar Arafat skrifaði Rabin, þáverandi forsætisráðherra Ísraels, að PLO viðurkenndi tilvistarrétt Ísraelsríkis var honum sagt að ísraelsk stjórnvöld hefðu ákveðið að viðurkenna PLO sem fulltrúa Palestínumanna. Rabin viðurkenndi aftur á móti engin réttindi Palestínumanna; einungis að að Ísrael myndi ræða við PLO. Fórum

dögum síðar skrifuðu þeir undir Oslóarsamkomulagið (I) (Abunimah 2014, 21; Utanríkisráðuneyti Ísraels 1993). Þetta var ekki nóg: Ísrael krafðist þess einnig að Palestínumenn viðurkenndu Ísrael sem ríki gyðinga eingöngu, en Arafat varð að ósk þeirra með ritstjórnaropnu í New York Times tímaritinu árið 2002, þar sem hann lýsti því yfir að Palestínumenn skildu áhyggjur Ísraels af lýðfræðilegri upbyggingu (e. demographic concerns) sinni og að réttur palestínsks flóttafólks til þess að snúa heim þyrfti að taka tillit til þeirra. Arafat, eitt sinni erkióvinur Ísrael, viðurkenndi með þessu lögmæti og tilvistarrétt ríkisins sem hafði rekið fólk hans á brott og afneitað rétti þeirra til að snúa til baka. Þannig urðu PLO og PA undirverktakar Ísraels, samkvæmt palestínska blaðamanninum Ali Abunimah, og hófu að framfylgja hernáminu sem Palestínumenn leituðu frelsis frá (Abunimah 2014, 21–22).

Samkvæmt John Collins, prófessor í hnattrænum fræðum við St. Lawrence háskóla og höfundur bókarinnar *Global Palestine*, er túlkun á sambandi Ísrael og Palestínu sem deilu bæði röng og misvísandi, og kyndir undir hugmyndir um að sambandið sé á milli tveggja jafnra fylkinga sem deili ábyrgð á aðstæðunum. Þetta er rangt samkvæmt Collins, annars vegar vegna ójafnvægis milli hlutfallslegrar getu hvorrar hliðar til þess að beita ofbeldi – Ísrael er sterkari með miklum yfirburðum – og hins vegar vegna þess að hún afmáir þá staðreynd að *Ísrael-Palestína* er sviðsmynd landtöku-nýlendustefnu. Ofbeldi Palestínumanna, sem er oft notað til að réttlæta harðræði Ísraels, er í þessum skilningi andspyrna frumbyggja sem voru leiddir í deiluna svokölluðu einfaldlega með því að búa á þeim landsvæðum sem sionistar sóttust eftir (2011, 19-21). Það gildir einu hvort um sé að ræða stofnun Ísraelsríkis, hernámið, Oslóarsamkomulagið, fjölgun landtökubyggða, eða annað: skoða þarf þá rökvisi og skipulagslegu samfellu (e. structural consistency) sem knýr stefnumótun Ísraelsríkis, og aðgerðir þess gegn Palestínumönnum, áfram (Salamanca et al. 2013, 2).

2.1 Samantekt

Í umfjöllun vestræns fræðafólks er þetta sögulega samhengi ekki endilega í mótsögn við hugmyndina um deilu, þrátt fyrir að valdaójafnvægið sé flestum ljóst. Á sama tíma eru ítrekuð og refsilaus brot Ísraels gegn alþjóðalögum og ályktunum Sameinuðu þjóðana almenn þekking, auk þess sem mannréttindasamtök hafa ítrekað fordæmt framkomu ríkisins gagnvart Palestínumönnum. Ísraelsk stjórnvöld hafa lagt áherslu á að halda vígi sínu í Mið-Austurlöndum órjúfanlegu eftir stofnun ríkisins, meðal annars með mikilli hervæðingu, uppbyggingu kjarnorkugetu, skilyrðislausum stuðningi Bandaríkjanna og áframhaldandi yfirtöku á eftirstandandi landsvæðum Palestínu. Samkvæmt alþjóðalögum getur ekkert ríki skilgreint eigin landamæri einhliða, en sérstöðuhyggja Ísrael – eingöngu ögrað með veikum

mótbárum annarra ríkja – hefur gert ríkið nánast ósnertanlegt (Pappé 2006, 254). Kerfislæg mismunun, ólögleg niðurrif húsa, áframhaldandi uppbygging landtökubyggða, takmarkaður aðgangur að náttúruauðlindum, þvingaður brottrekstur, óhófleg valbeiting, hóprefsingar, fangelsun Palestínumanna – þar á meðal barna, eftirlitsstöðvar (e. checkpoints) og annars konar eftirlit (sjá til dæmis Sameinuðu þjóðirnar 2019; Al-haq o.fl. 2019) eru eingöngu nokkur dæmi um aðgerðir sem hafa íþyngjandi áhrif á líf Palestínumanna, þvinga fram tilfærslu þeirra og leitast við að bæla niður möguleika á andspyrnu. Sífellt erfiðara verður að réttlæta þessar aðgerðir, en þó hefur skort heildstæðan fræðiramma sem varpar ljósi á þá rökvísi sem liggur að baki þeim.

3 Landtöku-nýlendustefna

Sem sjálfstæð fræðigrein er landtöku-nýlendustefna tiltölulega ung. Mér vitanlega hefur ekki verið fjallað um landtöku-nýlendustefnu á íslensku áður, og því hef ég gert mitt besta til þess að þýða hugtök hennar úr ensku: *settler colonialism* verður landtöku-nýlendustefna, *settler project* verður landtökuverkefni, *settler society* verður landtökusamfélag, og svo framvegis. Orðið *landnám* er ekki viðeigandi í samhengi þar sem landsvæði innfæddra eru tekin með valdi og því er orðið *landtaka* notað. Í gegnum ritgerðina vísa ég ýmist til gyðinga, sionista og Ísraela, með blæbrigðamuni sem ég vona að skili sér. Oft fléttast þetta saman, meðal annars vegna þess að Ísrael gerir ekki ráð fyrir sérstöku þjóðerni sem nær yfir aðra en gyðinga. Á sama tíma er ekki órjúfanleg tenging á milli gyðinga og Ísrael, sama hverju sionistar halda fram.

3.1 Skilgreining og saga

Skilgreininging á landtöku-nýlendustefnu þarf að hefjast á því að útskýra hvað gerir hana frábrugðna „hefðbundinni“ nýlendustefnu. Samkvæmt Caroline Elkins og Susan Pedersen, höfunda bókarinnar *Settler Colonialism in the Twentieth Century: Projects, Practices, Legacies* er hefðbundin nýlendustefna yfirráðasamband þar sem utanaðkomandi minnihluti ræðst inn og leitar alla leiða við að beygja innfædda, sem eru í meirihluta, undir vald sitt og arðræna þá á einhvern hátt. Í þessari skilgreiningu er nýlenduvelðið fyrst og fremst staðsett í höfuðstaðnum (e. metropole) – því ríki sem nýlendustefnan er rekin frá. Nýlenduherrar kjósa alla jafna að halda sig fjarri landtökunni sjálfri og innri stjórnarháttum, og starfa þess í stað í gegnum verslunarfélög eða samverkamenn úr hópi innfæddra (Elkins og Pedersen 2005, 2). Hefðbundin nýlendustefna einkennist þannig af *utanaðkomandi yfirráðum* (e. exogenous domination): tilvonandi nýlendustjórn flytur inn í nýtt umhverfi *auk þess* að koma á yfirráðum. Þar af leiðandi falla hvorki allir flutningar fólks, né allar tegundir yfirráða, undir nýlendustefnu, samkvæmt Lorenzo Veracini (2011, 1), áberandi fræðimanni á sviði landtöku-nýlendustefnu.

Aðflutningur landtökusamfélags sem ætlar sér að gera tiltekið landsvæði að heimili sínu til frambúðar, en á sama tíma njóta líf skjara og forréttinda á við það sem þekkist í höfuðstaðnum, skapar aðstæður sem eru gjörólíkar aðstæðum hefðbundinnar nýlendustefnu. Því er landtöku-nýlendustefna frábrugðin nýlendutöku í hernaðar- eða viðskiptalegum tilgangi (Elkins og Pedersen 2005, 2). Í evrópskum nýlendum Suður-Afríku, Nýja-Sjálands, Bandaríkjana, Ástralíu – auk annarra – leituðust innflytjendur við að skapa ný samfélög á grundvelli sameiginlegs þjóðernis og trúarbragða á stöðum sem þeir vísuðu gagngert til sem „jómfrúar-“ eða tómra landsvæða. Þessar nýlendur fylgdu ekki hefðbundinni skilgreiningu á nýlendustefnu: í stað þess að höfuðstaðurinn væri lífæð nýlendustefnunnar og hennar *raison d'être* leituðust

þær við að veikja, og helst eyða, tengslum við höfuðstaðinn. Langtímamarkmið slíkra landtökusamfélaga fólst í því að festa rætur og vera að lokum *ekki* skilgreindar sem nýlendur (Elkins og Pedersen 2005, 2).

Ólíkt hefðbundnum nýlenduverkefnum krefjast landtökusamfélög fullveldis óháð höfuðstað (Veracini 2010, 4–6). Viljinn til þess að stofnsetja sjálfstætt og fullvalda ríki gyðinga í Palestínu – aðskilið Evrópuríkjum og samfélögum Palestínumanna – grundvallaði pólitískan sionisma. Aðflutt samfélög gyðinga voru þegar til staðar í Palestínu, en ólíkt pólitískum sionisma voru markmið þeirra að mestu trúarlegs eðlis (D. Smith 2017, 189). Þrátt fyrir mikilvægi aðstoðar Bretlands við að koma markmiðum sionista í farveg neyddi Hvítbókin leiðtoga þeirra til þess að endurskoða sambandið. Ben-Gurion staðhæfði að gyðingar ættu rétt á því að ákvarða eigin framtíð óháð breskum stjórnámálum og sionistar ákváðu því að nauðsynlegt væri að leita stuðnings annars stórveldis: Bandaríkjanna (Smith 2017, 232–33). Vernd höfuðstaðarins, sem í þessu tilfelli var Bretland, var þannig aðeins tímabundin viðkoma á leiðinni til fullveldis. Lokamarkmiðið var alltaf að skera á þessu tengsl, og sionistar hikuðu ekki við að taka upp vopn gegn Bretum þegar það varð nauðsynlegt.

Ólíkt hefðbundinni nýlendustefnu sækist landtöku-nýlendustefna þannig ekki eftir varanleika, heldur af hvöt til þess að „rísa ofar“ (e. supersede) eigin tilvist. Landtöku-nýlendustefna er ferli sem lýkur þegar landtökusamfélagið getur haldið því fram að það sé *ekki lengur* landtökusamfélag. Hún felur eigin spor, og er því sýnilegust þegar hún er ófullkomin – ekki þar sem hún hefur að mestu leyti heppnast, eins og til dæmis í Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjálandi (Veracini 2011, 3). Hefðbundin nýlendustefna sækist eftir endurnýjun, á meðan landtöku-nýlendustefna leitast við að binda enda á sjálfa sig (2011, 5).

Segja má að hefðbundin nýlendustefna byggist í grunninn á vissri *ffarlægð* nýlendustjórnvalda við nýlenduna sjálfa en landtöku-nýlendustefna á *nánd* við hana. Hugtakið nánd nær þó ekki vel utan um tengsl landtökusamfélagsins við samfélög innfæddra, þvert á móti: ef einhver rök grundvalla nálgun þess gagnvart innfæddum eru það rökvísi útilokunar, eða útrýmingar. Landtökusamfélagið hefur takmarkaðan áhuga á því að beinlínis stjórna innfæddum eða arðræna þá, en meiri áhuga á því að taka yfir landsvæði þeirra og ýta þeim út fyrir landamæri landtökuríkisins – landamæra í stöðugri útpenslu (Elkins og Pedersen 2005, 2). Samkvæmt Veracini liggur grundvallarmunurinn á nýlendustefnu og landtöku-nýlendustefnu fyrst og fremt í því að „þú, farðu í burtu“ og „þú, vinndu fyrir mig“ eru tvær mjög ólíkar skipanir. Þessar stefnur eiga þannig upprunalegan tilflutning fólks sem kemur á yfirráðum sameiginlegan, en ekki mikið annað. Í stofnútgáfu ritrýnda fræðiritsins *Settler Colonial Studies*

leggur hann þannig áherslu á að landtöku-nýlendustefna sé notuð sem sértækur greiningarrámmi (Veracini 2011, 1).

Þrátt fyrir að þessar stefnur sækist í grunninn eftir ólíkum útkomum fléttast krafan um arðrán eða vinnuafli og krafan um landsvæði oft saman í reynd. Yfirlýsingar bæði landtöku- og nýlenduríkja bera með sér einkenni beggja krafna, og þar að auki geta landtökusamfélög verið ósammála um hvað það að innfæddir *fari í burtu* þýði: bókstafleg útrýming, útpurrkun á menningu, samlögun og margt fleira getur fallið undir þá kröfu. Vegna ólíkra markmiða nýlenduverkefna og landtökuverkefna skapast samt sem áður ólík venslakerfi (e. relational systems), og þegar landtöku-nýlendustefna talar um þörf fyrir vinnuafli er undirtóninn: „*þú, vinndu fyrir mig á meðan við bíðum eftir því að þú hverfir*“ (Veracini 2011, 1–2). Í tilfalli Ísraels og Palestínu fléttaðist krafa sionískrar hugmyndafræði um eingöngu hebreskt vinnuafli (e. conquest of labour) saman við þörf aðfluttra sionista til þess að nýta sérþekkingu Palestínumanna, þar á meðal steinsmiða, við uppbyggingu byggða þeirra (Ross 2019, 12). Histadrut-samtökin, sem áttu að stýra vinnuafli gyðinga, tryggja hagsmuni þeirra og útiloka Palestínumenn frá vinnumarkaðnum urðu fljótt ráðandi afl í Palestínu. Þrátt fyrir það var vinnuafli Palestínumanna gríðarlega mikilvægt (Smith 2017, 189) og þeir lögðu grunninn að Ísraelsríki á sama tíma og þeim var neitað um aðgang að því sem þeir tóku þátt í að byggja.

Aðgerðir ísraelskra stjórnvalda, bæði sögulega og í nútímanum, sem snúa að því að hindra efnahagsþróun Palestínumanna hafa gert þá síhádari ísraelskum vinnumarkaði – til dæmis í landtökubyggðum og við byggingarvinnu, þar sem þeir starfa fyrir mun lægri laun en ísraelskir gyðingar. Þessi markaður var skapaður með herstjórn Ísraels yfir Palestínumönnum: ferðabann gerði ísraelskum vinnuveitendum kleift að ráða Palestínumenn, sem voru þvingaðir til kyrrsetu, á lágu launataxta. Við þetta bætist að afturköllun leyfa til þess að starfa í Ísrael og landamæralokanir er dæmi um algenga hóprefsingu við andspyrnu (Ross 2019, 19–20). Þessi virkni undirstrikar þörf landtökuverkefna fyrir vinnuafli innfæddra á sama tíma og þeir eru undirokaðir og hraknir á brott: á sama tíma og hús Palestínumanna eru rifin, byggja þeir hús Ísraels.

Kerfislægur munur á kröfum og markmiðum nýlendustefnu og landtöku-nýlendustefnu þýðir samkvæmt Veracini að viðbrögð innfæddra við þeim eru ólík: ef hefðbundin nýlendustefna sækist fyrst og fremst eftir vinnuafli hlýtur andspyrna innfæddra til dæmis að miða að því að neita nýlenduríkinu um vinnuafli. Ef helsta krafan er hins vegar sú að innfæddir hverfi af yfirborði jarðar verður mikilvægasta vopn innfæddra einfaldlega *að lifa af*. Undir landtöku-nýlendustefnu getur andspyrna og það að lifa af stundum verið sami hluturinn:

innfæddir gætu til dæmis ákveðið að taka þátt í ójöfnum vinnutengslum til þess að geta verið um kyrrt – eins og má sjá í þátttöku Palestínumanna á ísraelskum vinnumarkaði. Margar aðrar tegundir andspyrnu eru mögulegar og geta verið notaðar samtímis; til dæmis skemmdarverk, óhlýðni, samvinna á yfirborðinu, sjálfsmorðsárásir og beinar árásir. Andspyrna og þrautseigja innfæddra tryggja það að nýlendustefna og landtöku-nýlendustefna eru aldrei fullkomlega sigursælar, samkvæmt Veracini (2011, 3-4). Hugmyndin um *sumud*, þrautseigju, eða *steadfastness* á ensku, er hugmyndafræði andófs í samhengi þar sem lifibrauð Palestínumanna er oft notað sem samningatæki; leyfi til þess að vinna fyrir nýlenduherrana gegn því að halda friðinn. Þrátt fyrir erfiðisvinnu, illa meðferð og niðurlægjandi ferðir í gegnum eftirlitsstöðvar, mæta þeir staðfastlega til vinnu (Ross 2019, 10). Hugmyndin um það að *tilvist sé andspyrna* (e. „existence is resistance“) er útbreidd í Palestínu, sem má tengja við hugmyndina um *sumud*. Andspyrna Palestínumanna hefur þó einnig tekið á sig róttækar myndir: til dæmis með Uppreisn Araba frá árinu 1936 til 1939, og í gegnum Intifada-uppreisnirnar árin 1987 og 2000. Fyrsta Intifada-uppreisnin birtist sem uppreisn yngri kynslóðar Palestínumanna gegn því sem þeir sáu sem undirgefni foreldra sinna gagnvart daglegum niðurlægjum. Trúin á forystu PLO hafði auk þess dvínað og bágt efnahagslegt ástand Palestínu bætti olíu á eldinn. Fyrsta Intifada-uppreisnin markaði ákveðin þáttaskil þar sem Ísrael byrjaði að beita enn meira harðræði við að brjóta andspyrnu Palestínumanna á bak aftur (Smith 2017, 593–96).

Sjálfstæði, frelsi og jafnrétti eru mikilvæg hugtök í orðræðu afnýlenduvæðingar (e. decolonization), en það að tala um afnýlenduvæðingu innan landtöku-nýlendustefnu getur verið misvísandi. Sjálfstæði gefur til dæmis til kynna að tilteknu landsvæði sé ekki lengur stýrt utan frá, og frelsi gefur til kynna að íbúarnir séu lausir við utanaðkomandi yfirráð eða annars konar undirokun. Undir landtöku-nýlendustefnu er landtökusamfélagið hins vegar sú stjórnarfarslega heild sem hefur öðlast sjálfstæði og landtökufólkið er það sem hefur öðlast frelsi. Landtökuverkefni skapa ásýnd afnýlenduvæðingar með því að halda fullveldi og getu til sjálfsstjórnar til streitu gagnvart hinum eiginlega höfuðstað.⁴ Afnýlenduvæðing í hefðbundnum skilningi rennir þannig stoðum undir frekari undirokun innfæddra sem eru beygðir undir landtöku-nýlendustefnu; í besta falli eiga aðferðir hennar ekki við, og í versta falli eru þær skaðlegar (Veracini 2011, 6–7). Vegna aldalangra ofsókna á hendur gyðingum í Evrópu, auk helfararinnar, hafði málstaður sionista og stofnun Ísraelsríkis á sér yfirbragð réttlætis- og frelsisbaráttu. Gyðingar höfðu öðlast frelsi og sjálfsstæði frá yfirráðum Breta, auk þess sem þeir

⁴ Sem dæmi má taka sjálfstæðisbaráttu Bandaríkjanna gegn breska heimsveldinu.

höfðu fundið sér meintan griðastað frá kúgandi öflum gyðingahaturs. Palestínumenn enduðu þannig á því að greiða fyrir glæpi Evrópu gegn gyðingum – þetta hentaði Evrópu vel.

Landtöku-nýlendustefna var álitin undirflokkur hefðbundinnar nýlendustefnu þar til byrjað var að kalla var eftir rannsóknum á henni sem sérstöku fyrirbæri meðfram auknum sýnileika á baráttu frumbyggja víðsvegar um heim. Árið 1998 gaf Patrick Wolfe út bókina *Settler Colonialism and the Transformation of Anthropology*, sem reyndist vera tímamótaverk (Veracini 2010, 6–8; Wolfe 1999). Samkvæmt Veracini var verk Wolfe mikilvægur þáttur í því að aðskilja landtöku-nýlendustefnu frá fræðasviði nýlendu- og eftirlendufræða og festa hana í sessi sem aðskilda fræðigrein; hún var nú ekki lengur einungis undirflokkur annarra fræða, heldur stóð sjálfstætt (Veracini 2010, 9).

3.2 Rökvísi útrýmingar

Í greininni *Settler Colonialism and the Elimination of the Native* fjallar Patrick Wolfe um tengsl þjóðarmorða og landtöku-nýlendustefnu, þar sem oft geti samkeppni um land orðið samkeppni um líf. Þar gerir hann grein fyrir þeirri rökvísi sem grundvallar landtöku-nýlendustefnu og er á meðal helstu einkenna hennar: *rökvísi útrýmingar*, sem lýsir tilhneigingu landtökuverkefna til þess að reyna að útrýma innfæddum íbúum þeirra landsvæða sem þau sækjast eftir (Wolfe 2006, 388). Rökvísi útrýmingar er langvarandi og heldur áfram að grundvalla skipulag landtökuríkja. Í stað þess að vera stakt atvik, eða hluti af sionisma fortíðarinnar, lifir *Nakba* þannig áfram í viðvarandi undirokun Palestínumanna bæði innan og utan landamæra Ísrael.

Samkvæmt Wolfe byggist viðleitni landtökuríkja til þess að útrýma innfæddum fyrst og fremst á landafræðilegri staðsetningu þeirra. Að því sögðu eru kynþáttaflokkun- og væðing (e. racial classification og racialization) á meðal þeirra leiða sem landtöku-nýlendustefna fer til þess að ná markmiðum sínum. Hún þróast þó *meðfram* því að landtökusamfélagið beinir spjótum sínum að innfæddum, frekar en að vera forsenda þess. Frumbyggjar Norður-Ameríku voru ekki myrtir, girtir af og neyddir til samlögunar við hvítt landtökusamfélag Bandaríkjanna sem upphaflegir eigendur landsins, heldur sem *Indíánar* (Wolfe 2006, 388).⁵ Rökvísi útrýmingar byggist þó fyrst og fremst á því að tilvist innfæddra hindrar aðgang landtökufólks

⁵ Í Bandaríkjunum var kynþáttaflokkun beitt á ólíkan hátt gegn Svörtu fólki annars vegar og Frumbyggjum hins vegar: afkomendur Svartra voru bundnir í þrældóm með *eins dropa reglunni* (e. one-drop rule), sem tryggði að afrískur uppruni – jafnvel fjarlægur – gerði fólk Svart. Ef einhver frávík voru hins vegar í ættarsögu Frumbyggja voru þeir ekki lengur Frumbyggjar og misstu þau takmörkuðu réttindi sem því fylgdu – þessar blóðreglur eru enn við lýði. Svart fólk skapaði auð fyrir landtökusamfélagið á meðan Frumbyggjar hindruðu aðgang þess að landsvæðum; fjölgun þeirra lagði þannig stein í götu landtökuverkefnisins (Wolfe 2006, 388).

að landsvæðum: kynþáttahyggja kraumar undir yfirborðinu, en spurningin um yfirráðasvæði er drifkraftur og ófrávikjanlegt grunneinkenni landtöku-nýlendustefnu (Wolfe 2006, 388). Rökvísi útrýmingar grundvallar allar þær leiðir sem landtöku-nýlendustefna fer til þess að ná markmiðum sínum, en þessar leiðir velta að miklu leyti á sögulegu samhengi og aðstæðum hvers landtökuverkefnis fyrir sig.

3.3 Skipulag, ekki atvik

Rökvísi útrýmingar vísar samkvæmt Wolfe ekki einungis til bókstaflegrar útburrkunar innfæddra. Landtöku-nýlendustefna á sér bæði neikvæðar og jákvæðar víddir, í sambærilegum skilningi og neikvætt og jákvætt frelsi Isaiah Berlin (1969). Neikvæða víddin vísar til þess að landtökuverkefni leitast við að brjóta niður samfélög innfæddra og útrýma þeim, á meðan jákvæða víddin vísar til þess að nýtt landtökusamfélag er síðan reist á því landsvæði sem hefur verið „tæmt“ af innfæddum (Wolfe 2006, 388). Jákvæða víddin birtist bæði í bókstaflegri uppbyggingu byggða, og í gegnum skipulag samfélagsins – til dæmis lagasetningar og stefnumótun. Landtöku-nýlendustefna eyðileggur þannig til þess að leysa af hólmi (e. destroys to replace). Wolfe vísar þannig í orð Theodor Herzl, sem notaði þá samlíkingu að ef hann vildi skipta út gamalli byggingu fyrir nýja þyrfti niðurrif fyrst að eiga sér stað (Wolfe 2006, 388; Herzl 1941, 38). Myndlíking Herzl reyndist spádómur fyrir áþreifanlegan veruleika í aðstæðum Ísraels og Palestínu: eftir að palestínsk þorp höfðu verið tæmd og jöfnuð við jörðu í atburðum *Nakba* byggðu stjórnvöld landtökubyggðir fyrir gyðinga á rústum þeirra (Pappé 2006, 225–26). Í dag er niðurrif húsa nánast daglegt brauð, þar sem nánast ómögulegt er fyrir Palestínumenn að fá byggingarleyfi. Niðurrif er einnig framkvæmt af hernaðarástæðum, til þess að rýma fyrir landtökubyggðum eða sem hóprefsing gegn fjölskyldum andspyrnufólks. Í tilfalli Ísraels og Palestínu eru orð Herzl þannig ekki aðeins myndlíking, heldur raunveruleg stefna sem er notuð til þess að skipta samfélögum innfæddra út fyrir samfélög landtökufólks.

Með því að skoða samspil víddanna kemur annað grundvallareinkenni landtöku-nýlendustefnu í ljós: innrás landtökufólksins – og rökvísi útrýmingar – er *skipulag, ekki atvik* (e. structure, not an event). Útrýmingin er ekki stakur atburður sem vikur síðan fyrir annars konar framvindu, heldur leggur hún grunninn að skipulagi landtökuríkja (Wolfe 2006, 388) og er ferli sem heldur áfram að bæði endurspegla og svara eigin fortíð. Wolfe talar um innrásina sem skipulag, ekki atvik vegna þess að landtöku-nýlendustefna er bæði samfelldni í tíma og margbrotin félagsgerð (Wolfe 2006, 390). Skipulagið hefur ákveðið lokatakmark, samkvæmt Veracini: landtöku-nýlendustefna leitast við að þurrka sjálfa sig út, og réttlætir bæði tilvist sína og virkni á grunni þeirrar væntingar að hún muni á endanum líða undir lok (Veracini 2011, 3).

Fyrir Ísrael og Palestínu vísar rökvisi útrýmingar til viðleitni sionista til þess að tæma hið forna Eretz Israel af Palestínumönnum, í atburðum *Nakba*, auk stefnumótunar og aðgerða dagsins í dag. Hvort sem *innrásin* er staðsett við uppgang pólitíssks sionisma, fyrsta aðflutning gyðinga eða við *Nakba* heldur rökvisi útrýmingar áfram að stýra stjórnarfari Ísraels. Hindrun á rétti palestínsks flóttafólks til þess að snúa aftur til síns heima er viss táknmynd þess að *Nakba* sé skipulag, en ekki atvik sem sé staðsett í fortíðinni. Í þessu samhengi tala Palestínumenn oft um áframhaldandi *Nakba* (e. *Ongoing Nakba*), sem vísar til þess að áframhaldandi eignarnám, niðurrif og útburðir eru óaðskiljanlegir hlutar ókláraðs verkefnis *Nakba* um útrýmingu Palestínumanna (Ross 2019, 19).

Jákvæðu og neikvæðu víddir rökvisi útrýmingar spegla hvor aðra, auk þess sem víxlverkun er til staðar: í neikvæðu víddinni framkvæmdu herlið sionista brottrekstur Palestínumanna, og í jákvæðu víddinni tryggðu stjórnvöld að þeir gætu aldrei snúið til baka. Jákvæða víddin lögmætir þannig eyðilegginguna. Segja má að landtökuverkefni taki yfir landsvæði og útrými innfæddum í neikvæðu víddinni, en réttlæti tilvist sína í jákvæðu víddinni. Fangelsun Palestínumanna er annað dæmi um víxlverkun: Ísrael setur lög gegn hvatningu til uppreisnar (e. incitement) – óljósrar hugmyndar sem nær yfir allt frá ljóðaskrifum upp í hryðjuverk⁶ – sem annars vegar gerir andspyrnu innfæddra Palestínumanna refsiverða, og hins vegar gerir landtökuríkinu kleift að fjarlægja innfædda að einhverju leyti með því að færa þá í fangelsi. Hugmyndin um að landtöku-nýlendustefna sé skipulag er sérstaklega mikilvæg fyrir greiningu á aðstæðum Ísrael og Palestínu í samhengi þar sem sagan er álitin röð einstakra atvika frekar en samfelld framvinda sem grundvallast af undirliggjandi skipulagi.

Með því að fylgjast með framvindu og ferli rökvisi útrýmingar er mögulega hægt að varna endurtekningu þess sem Wolfe kallar *þjóðarmorðaaugnablik* (e. genocidal moments): þegar ekkert pláss er eftir til fjarlægingar verða samlögun eða fjöldadráp á meðal fárra eftirstandandi möguleika til útrýmingar. Því er brýnt að fylgjast með aðstæðum þar sem landtöku-nýlendustefna hefur eflst, eða þar sem samfélög byrja að taka á sig fleiri eiginleika hennar. Út frá sjónarhorni skipulagslegrar samfellu landtöku-nýlendustefnu er jafnframt hægt að sjá þjóðarmorðaaugnablik sem *ófrágengin*, frekar en að þau eigi heima í fortíðinni. (Wolfe 2006, 403). Hugmyndin um þjóðarmorð er vissulega eldfim, en í tilfelli Ísraels er nauðsynlegt að sjá brottrekstur Palestínumanna og „hreinsun“ landsins sem ófrágengið þjóðarmorðsaugnablik. Hættan á slíkum augnablikum eykst með áframhaldandi klofningu á landsvæðum, refsileysi og

⁶ Finna má upplýsingar um þessa hugmynd á vefsíðu utanríkisráðuneytis Ísrael um palestínska hryðjuverk (Utanríkisráðuneyti Ísraels, e.d.)

minnkandi eftirliti – til dæmis með uppsögn Ísrael á nærveru samtaka eins og TIPH⁷ (OCHA oPt 2019) og áframhaldandi tilraunum ríkisins til að grafa undan starfsemi UNRWA, stofnunar undir Sameinuðu þjóðunum sem fer með mál palestínsks flóttafólks. Þetta eru dæmi um aðgerðir sem hafa vakið ótta Palestínnumanna um að alþjóðasamfélagið sé að yfirgefa þá (Al-haq o.fl. 2019, 21).

3.3.1 Ferlar landtöku-nýlendustefnu

Wolfe rekur landtöku-nýlendustefnu í sinni núverandi mynd til evrópskra þjóðarhöfðingja sem réttlættu tilkall sitt til landsvæða ókristinna, og síðar „ósiðmenntaðra“, íbúa heimsins. Réttindi innfæddra í nýlendum endurspegluðu fyrst og fremst jafnvægi eða samkeppni á milli Evrópuveldanna, og í sögulegu samhengi hefur landtöku-nýlendustefna því frekar þróast í gegnum tengsl nýlenduvelða sín á milli en tengsl nýlenduvelða við innfædda (Wolfe 2006, 390-391). Flestar ákvarðanir sem sneru að Mið-Austurlöndum á tímum fyrri heimsstyrjaldarinnar – þar á meðal útdeiling eftirstandandi landsvæða Ottómanveldisins – voru teknar með tillit til áhrifa þeirra á Evrópu, ekki út frá afleiðingum þeirra fyrir íbúa svæðisins. Hugarfar evrópskra stjórnámálanna byggðist á því að þeir ættu rétt á því að ráðstafa erlendum löndum eins og þeir vildu, skilyrt af samþykki keppinauta þeirra frekar en íbúa þeirra landsvæða sem þeir hygðust taka yfir. Balfour-yfirlýsingin var að miklu leyti gefin út í von um að hún myndi laða gyðinga að Samúðarsambandinu (e. Entente), og aðgangur Chaim Weizmann, sem síðar varð fyrsti forseti Ísrael, að innstu hringjum breskra stjórnámálanna var mikilvægur þáttur í því að sannfæra stjórnvöld um að sionismi samræmdist hagsmunum Breta og ögraði ekki heimsvaldamarkmiðum þeirra. Auk þess var sionismi réttmætur sem hluti evrópskrar reynslu: ofsókna á hendur gyðingum, sem þyrfti að bæta fyrir (Smith 2017, 147–48).

Frumbyggjar, til dæmis í Norður-Ameríku, skiptu ekki sjálfviljugir út löndum forfeðra sinna fyrir takmarkaðan rétt til búsetu og umráða. Því voru þvinganir nauðsynlegar, og svokallaður innrásarlýður – löglaus hópur fólks sem sem lét formsatriði ekki hindra aðgang sinn að landsvæðum frumbyggja og auðæfum þeirra – spilaði samkvæmt Wolfe stórt hlutverk í útvíkkun landamæra Bandaríkjanna. Þrátt fyrir að yfirvöld héldu sig fjarri aðgerðum þeirra á yfirborðinu, voru þau sjaldan langt undan í reynd.⁸ Í sögu landtöku-nýlendustefnu hafa

⁷ *Temporary International Presence in Hebron* var stofnsett árið 1994 eftir fjöldamorð landtökufólks á Palestínnumönnum í Al Ibrahimí moskunní til þess að tryggja öryggi og vernd Palestínnumanna (OCHA oPt 2019).

⁸ Sem dæmi tekur Wolfe nauðungarflutninga Frumbyggja af Cherokee-þjóðflokknum í aðdraganda *Táraslóðarinnar* (e. Trail of Tears) Bæði hersveitir hins opinbera og innrásarlýðurinn áttu hlutdeild í þeirri atburðarás og öðrum sambærilegum, þar sem Frumbyggjar voru flæmdir í burtu til þess að rýma fyrir uppbyggingu þrælaefnahagskerfis (e. slave-plantation economy) í suðrinu: hersveitir vopnaðar byssustingum réðust á menn,

öfgafullir einstaklingar og yfirvöld iðulega unnið saman, og innrásarlýðurinn svokallaði er þannig ekki aðskilinn landtökuríkinu – þvert á móti aðstoðar hann landtökuríkið við víkka út landamæri sín (Wolfe 2006, 391-392). Aðgerðir innrásarlýðsins fara fram fyrir luktum dyrum, en þær ryðja brautina fyrir yfirvöld landtökuríkisins: þegar rykið sest er reglu komið á óreiðuna, aðgerðirnar viðurkenndar af yfirvöldum og mörk (hvítrar) byggðar útvíkuð.

Innrásarlýðurinn er ekki endilega hópur fólks með vopn á lofti, heldur getur hann verið táknrænn fyrir ákveðið ferli. Útvarðarstöðvar eru lýsandi dæmi um ferli innrásarlýðsins í Ísrael, en þær eru oft staðsettar tiltölulega nálægt landtökubyggðum. Bæði landtökubyggðir og útvarðarstöðvar brjóta gegn alþjóðalögum, en útvarðarstöðvar eru einnig ólöglegar undir ísraelskum lögum. Þær byrjuðu að birtast eftir Oslóarsamkomulagið (I) vegna þeirra hamla – að minnsta kosti á yfirborðinu – sem voru settar á frekari uppbyggingu landtökubyggða. Stjórnvöld gáfu ekki formlega leyfi fyrir byggingu útvarðarstöðva en tengdu þær við rafmagn, útveguðu íbúum þeirra hvernig og veittu þeim oft fjárhagsaðstoð. Eftir nokkur ár voru þær iðulega lögleiddar af stjórnvöldum og urðu að landtökubyggðum sem klufu palestínsk landsvæði enn frekar og víkkuðu út landamæri Ísraels. Ólíkt húsum Palestínnumanna sem skorta byggingarleyfi eru útvarðarstöðvar mjög sjaldan eyðilagðar af yfirvöldum (Monitoring Israeli Colonizing Activities, 2004). Aukning á samþykktum húsnæðiseiningum í landtökubyggðum gefur meðal annars til kynna að leyfin verði notuð til þess að viðurkenna ólöglegar útvarðarstöðvar (Sameinuðu þjóðirnar 2019, 6–7). Ísrael gerir þannig beinlínis ráð fyrir því að lögleiða aðgerðir *eftir* að þær hafa verið framkvæmdar.

Útvarðarstöðvar eru hluti af stefnu Ísraels sem byggist á því að stofna til óafturkræfra *staðreynda á grundu* (e. facts on the ground); landtökubyggða og annarra mannvirkja sem eru byggð án fyrirfram lagalegrar viðurkenningar (Ross 2019, 3). Ferli innrásarlýðsins er þannig einnig speglað í staðreyndum á grundu. Á fyrstu árum aðflutnings sionista snerust aðgerðir þeirra að miklu leyti um að stofna til slíkra staðreynda: Ottómanveldið hafði sett lög sem bannaði gyðingum að kaupa lönd í Palestínu, en sionistar fóru fram hjá þeim með aðstoð erlendra ræðismanna og gyðinga í Ottómanveldinu (Smith 2017, 72). Annað dæmi af fjölmörgum um staðreyndir á grundu er aðskilnaðarveggurinn á Vesturbakkanum, sem er sjö hundruð kílómetrar – tvöfalt lengri en umfang Grænu línunnar – og hlykkjast áfram í kringum fjölda palestínskra byggða á Vesturbakkanum. Ísraelski herinn notar hann til eftirlits, til þess að aðskilja palestínskar byggðir og sem bækistöð fyrir árásir, og nærvera hans hefur í reynd

konur og börn og hröktu á undan sér, en fast á hæla þeirra fylgdi síðan innrásarlýðurinn sem brenndi heimili ættbálksins og rændi búgripum þeirra og öðrum eignum (Wolfe 2006, 391-392).

nánast strokað út Grænu línuna. Hann var úrskurðaður ólöglegur af Alþjóðlega sakamáladómstólnum árið 2004, ári eftir að uppbygging hans hófst, en var viðurkenndur í Ísrael í samræmi við hugmyndina um óafturkræfar staðreyndir á grundu. Eiginleg landamæri á milli Ísraels og hernumdu svæðanna má ekki finna á neinu almennu landakorti: eins og önnur landtökuverkefni breytir Ísrael nákvæmri landafræðilegri staðsetningu sinni að vild. Í reynd eru raunveruleg landamæri Ísrael flæðandi – skilgreind af vegum sem eru aðeins aðgengilegir Ísraelum (e. bypass roads), hreyfanlegum eftirlitsstöðvum (e. flying checkpoints), herstöðvum, nýjum útvarðarstöðvum landtökufólks og öðrum hreyfanlegum mannvirkjum á svæði C (Ross 2019, 201–2).

Eftir að landsvæði hafa verið innlimuð í landtökuríki er ferlinu formlega lokið þegar tilkalli innfæddra til landsvæða sinna hefur verið skolað í burtu með tímanum eða *framgangi sögunnar* (e. the tide of history)⁹. Þetta er ein birtingarmynd áframhaldandi skipulags útrýmingar: tíminn skolar í burtu þeim glæpum sem hafa átt sér stað, og gerir þá að óumflýjanlegum raunveruleika dagsins í dag. Framgangur sögunnar samþykkir það sem er „búið og gert“ og ljáir þjófnaði og eyðileggingu innrásarlýðsins ákveðið diplómatiskt yfirbragð (Wolfe 2006, 392–393). Það að *tíminn líði* er þannig þýðingarmikið innan landtöku-nýlendustefnu, og þáttur í því hvernig hún réttlætir og viðurkennir landtöku. Synjunin á rétti palestínskis flóttafólks til að snúa aftur heim er í sjálfu sér dæmi um framgang sögunnar: með hverri kynslóð sem elst upp fjarri Palestínu styrkjast staðhæfingar ísraelska yfirvalda um að atburðir ársins 1948, upp að því marki sem þeir eru viðurkenndir, séu í fortíðinni og Ísrael sé óafturkræf staðreynd á grundu. Lög um ríkisborgarétt frá 1950 skilgreindu palestínskt flóttafólk sem hafði flúið heimili sín sem fjarstätt og hindruðu það í því að snúa til baka. Yfirgefin eftirstandandi hús Palestínumanna, sem voru nú ríkiseign, urðu sionískar staðreyndir á grundu og endurbætur á þeim í kjölfarið veitti síðan enn frekari vörn fyrir tilkalli fyrri íbúa þeirra (Ross 2019, 47). Annað dæmi um það hvernig Ísrael treystir á það að tíminn líði og skoli tilkalli Palestínumanna í burtu eru lög sem tryggja að frjósöm ræktarlönd Palestínumanna á Vesturbakkanum – sem eru óaðgengileg vegna aðskilnaðarveggjarins – renni í eign Ísraels eftir þriggja ára órækt (Ross 2019, 201–2).

Annað sem einkennir ferla landtökuverkefna er að þau stóla á aðflutning fólks sem leitar betri lífsgæða og freistar þess að festra rætur – í Norður-Ameríku samanstóð innrásarlýðurinn yfirleitt af innflytjendum úr hópi landlausra í Evrópu (Wolfe 2006, 392). Þannig tengir landtöku-nýlendustefna saman hagsmuni einstaklinga við eigin þörf til þess að þenjast út. Wolfe

⁹ Með hugtakinu vísar Wolfe í dómsmál Yorta Yorta fólksins í Ástralíu, þar sem dómari útskurðaði að framgangur sögunnar hefði skolað tilkalli þeirra, tengt lögum um frumbyggja (e. native title), í burtu (Wolfe 2006, 392).

talar um landtöku-nýlendustefnu sem ákveðna undirstöðu nútíma- (e. modernity) og iðnvæðingar, þar sem hnattræn valdakeðja tengdi saman fjarlægja landamærajaðra (e. colonial frontiers) við höfuðstaði; að baki lá síðan hreyfiafl alþjóðamarkaðsins, sem krafðist bæði nýlendulandsvæða og nýlenduvinnafls til að framleiða hráefni. Saman mynduðu þörf markaðsins fyrir óhindraðan aðgang að landsvæðum, og þörf landtökufólks fyrir landsvæði til þess að framfleyta sér, meginskriðþunga landtöku-nýlendustefnu. Erfiðleikar, ójöfnuður og jafnvel ofsóknir í höfuðstaðnum tryggðu síðan áframhaldandi framboð innflytjenda fyrir tiltekið landtökuverkefni, sérstaklega úr hópi landlausra (Wolfe 2006, 394-396).

Aðflutningur fólks í viðkvæmri stöðu speglar Ísrael sem landtökuverkefni. Sjálfsmýnd margra gyðinga byggist á tilvist þeirra sem tvístraðar (e. diasporic), landlausrar þjóðar – í samhengi við slagorð sionista um Palestínu sem *land án fólks fyrir fólk án lands* (e. „a land without a people for a people without a land“) (Masalha 1994, 6). Pólitískur sionismi var veraldleg þjóðernishygga sem birtist sem viðbrögð við fjandsemi gagnvart gyðingum í Evrópu – sérstaklega í Austur-Evrópu, þar sem gyðingar voru ofsóttir. Pólitískir sionistar voru gyðingar sem höfðu orðið fráhverfir eigin trúarlegri menningu en höfnuðu hugmyndinni um samlögun að evrópsku samfélagi. Lög í Vestur-Evrópu tryggðu gyðingum jafnrétti á yfirborðinu, en staða gyðinga í Austur-Evrópu var mörkuð af ofsóknum sem jukust fram að lokum nítjándu aldar. Þegar sionismi varð virk pólitísk hreyfing kom helsti stuðningurinn því þaðan (Smith 2017, 65–69).

Bresk umboðsstjórn og áhersla hennar á nútímavæðingu opnaði Palestínu fyrir alþjóðamarkaðnum, sem gerði Evrópu kleift að arðræðna Palestínu samkvæmt ferlum hefðbundinnar nýlendustefnu. Þetta leiddi til aukinna skulda og hnignunar efnahagskerfis Palestínumanna og margir úr bændastétt neyddust til þess flytja í þéttbýli, eða ráða sig í vinnu hjá gyðingum. Auk þess neyddust efnaðir Palestínumenn til þess að selja jarðir til gyðinga til þess að lifa af (Smith 2017, 213–14). Aðgerðir sionista í Palestínu fólust meðal annars í því að stofnsetja aðskilið og lokað efnahagskerfi gyðinga, sem Palestínumenn fengu ekki aðgang að (Smith 2017, 194). Auk þess kröfðu þeir Breta um hærri laun vegna þess að þeir væru Evrópumenn sem þyrftu hærri framfærslu (Smith 2017, 175). Í kjölfarið urðu svokölluð Arabalaun til, sem eru enn mikilvæg fyrir ísraelskt efnahagskerfi (Ross 2019, 44). Sionistar lögðu þannig upp með að útskúfa innfæddum Palestínumönnum og undirskipa þá á sama hátt og þeir höfðu mátt þola í Evrópu. Eftir þjóðarmorð gyðinga í helförinni kusu eftirlifendur almennt að flytja til Bandaríkjanna, eða jafnvel verða eftir í Evrópu, en samsekt og sektarkennd Evrópuríkja jók stuðninginn við hugmyndina um fullvalda ríki gyðinga (Pappé 2006, 253–54).

Í sjálfu sér útskýrir nútímavæðing þó ekki að því virðist óseðjandi þörf landtöku-nýlendustefnu fyrir meira og meira landsvæði. Wolfe bendir á landbúnað sem eitt svar af mörgum sem hafa áhrif á sífellda útpenslu landtökuríkja: þrátt fyrir að margar atvinnugreinar geti keyrt landtökuverkefnið áfram er landbúnaður sú eina sem bæði styður við aðrar atvinnugreinar og tryggir eigin tilvist og endurnýjun. Landbúnaður er jafnframt kyrrstæður í eðli sínu og þar af leiðandi langvarandi, auk þess sem hann tryggir endurtekna afkomu inn í framtíðina. Landbúnaður getur auk þess framfleytt hærri íbúafjölda en aðrar atvinnugreinar, sem þýðir að áframhaldandi aðflutningur fólks er gerður mögulegur. Í gegnum viðstöðulausa útpenslu étur landbúnaður sig smám saman inn á landsvæði innfæddra og gerir innlenda flóru og fínu að síminnkandi auðlind, sem hindrar sjálfbærni framleiðsluaðferða innfæddra. Wolfe bendir á að í orðræðu landtöku-nýlendustefnu sé oft dregin upp sú mynd að frumbyggjar stundi ekki landbúnað; þeir séu séu hirðingjar, rótausir, eða annað í þá áttina. Lítillækkun hirðingjalífs (e. nomadism) í þessari orðræðu er eitt af því sem gerir innfædda færanlega – þeir séu hvort eð er rótausir (Wolfe 2006, 394-395). Landbúnaður hefur þannig mikilvægt hugmyndafræðilegt og táknrænt gildi í landtökusamfélögum, umfram það að vera hluti hagkerfisins, þar sem hann táknar tengsl við landið.

Landbúnaður var mikilvægur hluti sionískrar hugmyndafræði, en við upphaf landtökuverkefnisins voru hugmyndir um Palestínu sem óræktaða auðn útbreiddar. Árið 1920 útskýrði sioníski rithöfundurinn Israel Zangwill – höfundur slagorðsins um land án fólks – þessar hugmyndir á þann veg að þrátt fyrir að fólk væri í Palestínu byggju þar engir í nánum samruna við landið, notuðu auðlindir þess og skildu eftir sig einkennandi fótspor: í mesta lagi væru þar tjaldbúðir Araba (Masalha 1994, 6).¹⁰ Þessi orðræða er táknræn fyrir hugmyndir landtöku-nýlendustefnu um rötleysi innfæddra, sem er jafnframt réttlæting á yfirtöku landsvæða þeirra. Þessar hugmyndir um Palestínu báru með sér að aðeins sionistar gætu tamið landið og „látið eyðimörkina blómstra“ (e. „*making the desert bloom*“) – hugmyndar sem var svo samofin sionisma að hún birtist meðal annars í sjálfstæðisyfirlýsingu Ísrael (Smith 2017, 333)¹¹. Á fyrstu árum aðflutnings gyðinga til Palestínu lögðu stúdentar frá Austur-Evrópu grunninn að sýninni um landbúnað og vinnuafl gyðinga sem grundvöll framtíðarríkisins. Þetta leiddi til þess að *kibbutzism*, sósíalísk landbúnaðarsamfélög eða -kommúnur, varð ákveðin táknmynd fyrir

¹⁰ „If Lord Shaftesbury was literally inexact in describing Palestine as a country without a people, he was essentially correct, for there is no Arab people living in intimate fusion with the country, utilising its resources and stamping it with a characteristic impress: there is at best an Arab encampment“ (Masalha 1994, 6).

¹¹ „...Pioneers, Ma'apilim and defenders, they made deserts bloom, revived the Hebrew language...“ (Smith 2017, 333).

síonísk gildi (Smith 2017, 69–70). Síonistar höfðu eingöngu áhuga á sósíalisma og jafnrétti innan aðskilins samfélags sem myndi útiloka Palestínumenn, og hugmyndir þeirra byggðu á því að landbúnaður yrði notaður til þess að „endurheimta“ Ísrael sem fornt ríki gyðinga (Smith 2017, 73–74).

Í upphafi landtökuverkefnisins stundaði meirihluti Palestínumanna landbúnað, en tiltölulega lítill hluti aðfluttra gyðinga. Landsvæði og ræktun þeirra voru þó álitin lykilatriði fyrir síoníska landtökuverkefnið. Hlutverk JNF var að miðstýra jarðakaupum og tryggja að keyptar jarðir yrðu óafsalanlegar öðrum en gyðingum – auk þess sem eingöngu gyðingar gætu unnið á þeim. Án gríðarlegrar innspýtingar einkafjármagns og aðstoð vestrænna sérfræðinga í nútímalandbúnaði hefðu kibbutz-byggðir síonista ekki náð fótfestu. Aðgangur að utanaðkomandi og einkafjármagni skipti síðan sköpum: árið 1948 voru tuttugu prósent jarða í Palestínu í eigu gyðinga, en aðeins fjögur prósent þeirra voru í eign JNF (Smith 2017, 199).

Samkvæmt Wolfe er orðræða landtöku-nýlendustefnu staðfastlega ónæg fyrir mótsögnum á borð við það að innfæddir stundi í mörgum tilfellum landbúnað og að landtökufólk hafi sjálft komið annars staðar að. Framleiðni innfæddra er ekki innlimuð í hagkerfi landtökuríkja vegna þess að landbúnaður bendir til varanleika og áframhaldandi viðveru innfæddra, sem er ögrandi fyrir landtökuverkefni. Ef innfæddir eru ekki hirðingjar nú þegar getur geta landtökuverkefni skapað sjálfsuppfyllandi spádóma til dæmis með því að brenna kornakra og eyðileggja ávaxtatré (Wolfe 2006, 396). Stöðug íbúafækkun, sérstaklega á árunum 1948 og 1967, olli því að palestínsk hagkerfi sem byggðist á landbúnaði í þorpssamfélögum vék að miklu leyti fyrir verkavinnu á ísraelskum byggingarsvæðum eða í landtökubbyggðum (Ross 2019, 101). Með stórfelldum brottrekstri rättust þannig að einhverju leyti hugmyndir síonista um að Palestínumenn byggju ekki í nánum samruna við landið. Landbúnaður er þó enn mikilvægur fyrir sjálfsmynd Palestínumanna, og er tákn um þrautseigju þeirra og tengingu við landið andspænis áframhaldandi landmissi (UNCTAD 2016, 1).

Skýrsla UNCTAD frá árinu 2016 fjallar um áhrif hernámsins á landbúnað í Palestínu. Aðgangur að áburði og vatni er verulega takmarkaður af Ísrael, auk þess sem klofningur landsvæða og samfélaga takmarkar sölu á afurðum (UNCTAD 2016, 3). Frjósömustu ræktarlöndin eru á svæði C, þar sem útpensla landtökubbyggða og aðskilnaðarveggurinn hindra aðgengi Palestínumanna að eigin jörðum (UNCTAD 2016, 7–10) – ástandið er sérstaklega slæmt á Gaza-ströndinni og í Jórdandalnum. Skipulag hernámsins hefur gert sjálfbæra þróun í Palestínu nánast ómögulega og aukið fæðuóöryggi. Framleiðni landtökubbyggða þar sem landbúnaður er stundaður er mun meiri en hjá palestínskum bændum – enda hafa þær nánast

ótakmarkaðan aðgang að vatni og landsvæðum (UNCTAD 2016, 19). Landtökubyggðir éta sig í sívaxandi mæli inn á ræktarlönd Palestínumanna á Vesturbakkanum, auk þess sem ofbeldi og skemmdarverk landtökufólks eru íþyngjandi vandamál fyrir palestínska bændur. Glæpir landtökufólks hafa sjaldan lagalegar afleiðingar (UNCTAD 2016, 14–15), en dæmi um þetta er eyðilegging þeirra á ólífutrjám, sem eru mikilvæg tekjulind fyrir Palestínumenn auk þess að vera táknræn fyrir tengsl þeirra við landið. Herinn hefur að auki rifið upp meira en milljón ávaxtatré á Gaza-ströndinni og um 60.000 í Vesturbakkanum frá byrjun seinni Intifada-uppreisnarrinnar, en um einn þriðji hluti þessara trjáa eru ólífutré (UNCTAD 2016, 20).

Í samhengi þar sem útpensla landbúnaðar landtökusamfélagsins gerir innlenda flóru og fínu að síminnkandi auðlind er JNF-stofnunin sérstaklega mikilvæg, en henni var falið það verkefni að gróðursetja skóga og reisa almenningssvæði á rústum palestínkra þorpa, og á nálægum ökrum og ólífulundum, til þess að hylja ummerki um *Nakba*. Ákveðið var að gróðursetja að mestu leyti barrtré í stað innfæddrar flóru og fínu Palestínu. Samkvæmt ísraelska sagnfræðingnum Ilan Pappé var þetta annars vegar gert til þess að gefa landslaginu evrópskt yfirbragð, og hins vegar til þess að styðja við vaxandi trjáiðnað og skógrækt Ísrael. Einungis tíu prósent þessara skóga voru til fyrir árið 1948, og aðeins ellefu prósent flóru þeirra eru innlendar tegundir (Pappé 2006, 227). Samkvæmt Pappé er *Nakba* afneitað svo algjörlega að stjórnvöld og JNF staðhæfa að undir barrtrjámum sé ekkert nema auð og hrjóstug jörð. Rökvísi útrýmingar á þannig ekki aðeins við fólk, heldur líka lífshætti, viðurværi og hefðir – enda er veiking á tengslum innfæddra við landið er mikilvæg forsenda þess að fjarlægja þá.

3.4 Íbúarekstur

Veracini vísar til íbúa landsvæða þar sem landtöku-nýlendustefna er rekin sem íbúareksturs (e. population economy) í samhengi við orðsifjafræði enska orðsins *economy*, sem þýðir að „reka heimili“. Í samhengi landtöku-nýlendustefnu, sem snýst um að temja og móta (e. domesticate) landsvæði, vísar orðið til viðvarandi kvíða landtökuverkefna í tengslum við að stjórna lífpólítík (e. biopolitics) yfirráðasvæða sinna. Lýðfræðileg uppbygging Ísraels er stöðug uppspretta kvíða fyrir stjórnvöld og hefur haft gríðarleg áhrif á stefnumótun þeirra frá upphafi. Í orðræðu stjórnmalamanna um íbúareksturinn er hefðbundið vísað til annarleika (e. otherness), sem eru þeir sem tilheyra ekki flokki landtökusamfélagsins, sem *lýðfræðilegs vandamáls* (e. „demographic problem“) eða *lýðfræðilegrar ógnar* (e. „demographic threat“) (Pappé 2006, 250). Áherslan á það að öðlast og halda ráðandi meirihluta gyðinga hefur grundvallað Ísrael frá upphafi pólitísku sionisma, en sú staðreynd rennur saman við almenna þörf landtökuverkefna til að tæma landsvæði af innfæddum og öðrum sem tilheyra ekki landtökusamfélaginu.

Landtöku-nýlendustefna skapar samkvæmt Veracini venslakerfi þriggja hópa sem einkennast af rökþróun (e. dialectic): í fyrsta lagi verður rökþróun innfæddra/utanaðkomandi (e. indigenous/exogenous) til í gegnum aðflutning landtökusamfélags, þrátt fyrir að stundum sé þessi rökþróun flækt með staðhæfingum landtökufólks um sögulegt tilkall til landsvæðisins, eins og í tilfalli Ísraels. Landtökusamfélagið lítur á sjálft sig sem staðlandi viðmið og skapar með því tvo annarleika (e. otherness): *innfædda aðra* (e. indigenous Others) og *utanaðkomandi aðra* (e. exogenous Others), auk undirflokka þeirra. Auk þess verður til rökþróun hins *réttmæta/auvirðilega* (e. righteous/degraded), þar sem landtökusamfélagið lítur svo á að það eigi meira og réttmætara tilkall til landsvæðisins en innfæddir, og að það flytji með sér rétt til fullveldis ólíkt utanaðkomandi öðrum (Veracini 2010, 16-18). Tilkall sionista til Palestínu byggðist á hugmyndum um fornt ríki gyðinga, sem sjálfur Guð ætlaði þeim að endurreisa. Gyðingar voru því að snúa heim og Palestínumenn voru álitnir utanaðkomandi á sama tíma og þeir voru sannarlega innfæddir, og þannig viðföng rökvísi útrýmingar. Tilkall sionista, með vísunum í hið guðdómlega, er ýkt táknmynd fyrir hugmyndir landtöku-nýlendustefnu um hið réttmæta gagnvart hinu auvirðilega. Kynþáttavæddir *Palestínurabbar* voru sannarlega auvirðilegir í augum sionista: þeir höfðu engin raunveruleg tengsl við landið og bar að víkja fyrir réttmætu ríki gyðinga.

Þar sem landtökusamfélagið er skilgreint af varanlegri búsetu og rétti til fullveldis eru til margir undirhópar utanaðkomandi annarleika: til dæmis þeir sem eru búsettir á yfirráðasvæði landtökuríkisins en hafa ekki fengið aðgang að sömu pólitísku réttindum og landtökufólkið, og þeir sem búa yfir varanlegum rétti til þess að tilheyra landtökusamfélaginu en hafa ekki enn nýtt sér hann. Að lokum er endurtekið kallað eftir brottvísun fólks sem er álitnið óæskilegt og varanlega utanaðkomandi af landtökusamfélaginu, en sá undirflokkur kallast *fyrirlitlegir aðrir* (e. abject Others) (Veracini 2010, 27-28).

Fyrirlitlegir aðrir dvelja neðst í virðingarstiga íbúarekstursins. Þeir eru varanlega útilokaðir af landtökusamfélaginu og mega þola varanlegar aðskilnaðaraðgerðir og undirokun (Veracini 2010, 27-28). Ef landtökusamfélagið táknar í eigin augum samruna *réttláttra* eða *dyggðugra* einkenna bæði innfæddra og utanaðkomandi annarleika, tákna fyrirlitlegir aðrir samruna *auvirðilegra* einkenna þeirra: í öðrum orðum er þeim ekki viðbjargandi (Veracini 2010, 28). Í samhengi flókins íbúareksturs Ísraels má segja að Palestínumenn, bæði innan og utan Ísraelsríkis, beri með sér mörg einkenni fyrirlitlegra annarra. Á sama tíma og þeir eru innfæddir er tilkall þeirra ekki viðurkennt á sama hátt og oft er gert á yfirborðinu í öðrum landtökuverkefnum, auk þess sem Ísrael hafnar því að samlaga þá. Þeir eru álitnir aðkomumenn

og mega þola varanlega aðskilnaðarstefnu og undirokun, en vegna þrautseigju þeirra, sterkrar tengingar við landið og alþjóðlegrar samstöðu hefur Ísrael ekki alfarið náð að færa þá í flokk fyrirlitlegra annarra.

Landtöku-nýlendustefna er samkvæmt Veracini virkar (e. dynamic) aðstæður þar sem innfæddir og utanaðkomandi aðrir hverfa smám saman á ólíka vegu: innfæddir til dæmis með útrýmingu og brottrekstri, fangelsun, samlögun eða blöndu af þessu öllu; en utanaðkomandi aðrir með sérvallinni (e. selective) inntöku eða samlögun eða útilokun. Þrískiptingin er tímabundin, og landtökusamfélaginu einu er ætlað að lifa hana af (Veracini 2010, 17). Þrískipting eða þríprófun (e. triangulation) landtöku-nýlendustefnu er eitt af því sem gerir hana frábrugðna hefðbundinni nýlendustefnu samkvæmt Veracini (2010, 18). Sérstakar aðstæður og sögulegt samhengi hvers landtökuverkefnis fyrir sig hafa áhrif á venslakerfin og það hvernig hóparnir tengjast innbyrðis, en yfirráð landtökusamfélagsins grundvalla alltaf þrískiptinguna. Markmið sioníska landtökuverkefnisins hefur samkvæmt Pappé alltaf verið að byggja og verja hvítt, vestrænt vígi í kynþáttavæddum Mið-Austurlöndum. Óttinn við að virkinu verði ógnað framkallar svo sterkar tilfinningar að meginreglan um að viðhalda ráðandi meirihluta gyðinga sama hvað, samofið hugmyndum um hervætt öryggi, hefur þau áhrif að allt annað vísir – þar á meðal þau pólitísku og borgaralegu réttindi sem þykja mikilvæg einkenni lýðræðisríkja. Ótti ísraelskra gyðinga um að þeir verði að lokum færri en Arabar er kjarni synjunar Ísraels á rétti Palestínumanna til þess að snúa aftur heim, og skýrir skeytingaleysi stjórnvalda gagnvart gagnrýni (Pappé 2006, 253).

Lög um heimkomu og ríkisborgararétt ívilna gyðingum – skilgreindir sem þeir sem eru eiga móður sem er gyðingur – og lögmæta synjun Ísraels á rétti Palestínumanna til þess að snúa aftur heim. Þessi lög, ásamt öðrum, gera Ísraelsríki kleift að hagræða lýðfræðilegri uppbyggingu ríkisins (Al-haq o.fl. 2019, 9-10). Lög sem varða þá sem eru ekki ríkisborgarar (e. the Entry into Israel Law, 1952) veittu Palestínumönnum í Austur-Jerúsalem stöðu varanlegrar búsetu (e. permanent residence status) í stað ríkisborgararéttar þegar svæðið var ólöglega innlimað. Ný ákvæði frá 2018 gera Ísrael síðan kleift að afturkalla þessa stöðu ef sá sem býr yfir henni sýnir Ísrael ekki næga hollustu, en þetta gerir frekari tilfærslu og brottrekstur auðveldari í framkvæmd. Að auki tilgreina mikilvægar stofnanir ríkisins að tilgangur þeirra sé að þjóna ísraelskum gyðingum, en þannig eru þeir sem eru með ísraelskan ríkisborgararétt en eru ekki gyðingar útilokaðir frá raunverulegri aðild að landtökusamfélaginu. Áherslan á ísraelska gyðinga sem „æðra þjóðerni“ hefur áhrif á alla stefnumótun Ísraels og kallar óumflýjanlega á samanburð við aðskilnaðarstefnu Suður-Afríku (Al-haq o.fl. 2019, 8).

Grundvallarlögin 2018, sem tilgreindu Ísrael sem þjóðríki gyðinga, staðfestu með aðdáunarverðri hreinskilni að ísraelska ríkið væri rekið á grundvelli þjóðernis- og trúarlegra einkenna (e. ethno-religious state). Lögin veiktu enn frekar stöðu palestínska minnihlutans innan Ísrael og festu frekar í sessi kerfisbundna undirokun Palestínnumanna alls staðar, til dæmis með því að afneita rétti þeirra til þess að stjórna eigin náttúruauðlindum og með því að tilgreina landtökubyggðir sem þjóðarverðmæti. Samkvæmt sameiginlegri skýrslu palestínskra mannréttindasamtaka eru lögin mesta stigmögnun á lögmætingu aðgerða sem mismuna Palestínumönnum frá árinu 1948 (Al-haq o.fl. 2019, 11–12). Í tilfelli Ísraels eru það gyðingar eingöngu sem tilheyra flokki landtökufólks í íbúarekstrinum. Þeir sem eru ekki gyðingar geta aldrei tilheyrt landtökusamfélaginu, þar sem sérstakt ísraelskt þjóðerni nær eingöngu til gyðinga.

Íbúarekstur Ísraels og flokkur landtökusamfélagsins er flæktur enn frekar með þeirri staðreynd að gyðingum í Ísrael er skipt í tvo, kynþáttavædda flokka: *Ashkenazi* og *Mizrahim* gyðinga. Gyðingar af Arabaættum eru dæmi um utanaðkomandi aðra sem hafa verið teknir inn í landtökusamfélagið á grundvelli áherslunnar á meirihluta gyðinga. Utanaðkomandi aðrir eru sérvaldir til inntöku en valið er oft ágreiningsmál, enda er aðgangur landtökuverkefna að bylgjum innflytjendad mikilvægur. Inntakan byggist á því hvort tiltekinn hópur innflytjenda komi til greina samkvæmt tilteknum skilyrðum, í tilteknum aðstæðum og í tilteknu sögulegu samhengi landtökusamfélagsins – þessi skilyrði segja til um hverjir eru móttækilegir fyrir „anda“ landtökuverkefnisins. Þar sem útilokun og inntaka skilgreina hvor aðra hefur landtökuríkið viðvarandi þörf til þess að etja landtökusamfélaginu gegn utanaðkomandi, og oft kynþáttavæddum, öðrum (Veracini 2010, 26).

Tvisvar hefur Ísrael aukið við flokk landtökufólks í íbúarekstrinum með stórfelldum aðflutningi gyðinga: fyrst árið 1949, og síðan aftur á níunda áratugnum, með um milljón manns í hvort skipti. Þannig hefur hlutfall Palestínnumanna innan Ísraels nokkurn vegin haldist undir tuttugu prósentum, en þegar hertumdu svæðin eru talin með er hlutfallið mun hærri. Samkvæmt Pappé eru ísraelskir stjórnáamenn meðvitaðir um að meirihluti gyðinga sé í hættu ef stjórnvöld halda hertáminu til streitu og innlíma fleiri svæði inn í Ísrael. Þetta er ógeðfelld tilhugsun: Palestínnumenn eru ekki meðtækilegir fyrir anda landtökuverkefnisins, og markmiðið er að losna varanlega við þá. Það er ekki hægt með samlögun – aðeins gyðingar geta raunverulega tilheyrt Ísrael – svo stjórnvöld aðhyllast stefnu um að innlíma stóra hluta Vesturbakkans, en samtímis halda fjölmönnum palestínskum svæðum utan beinnar stjórnar þeirra. Í öðrum orðum er markmiðið að taka yfir eins mikið af Palestínu og hægt er, með eins

fáum Palestínumönnum og hægt er (Pappé 2006, 251). Netanyahu hefur lýst því yfir að Palestínumenn fái ekki ísraelskan ríkisborgararétt eftir fyrirætlaða ólöglega innlimun hluta Vesturbakkans (Middle East Eye 2020), sem er nú þegar klofinn af aðskilnaðarveggnum og landtökubyggðum.

Helförin minnkaði á skelfilegan hátt tölur evrópskra gyðinga, en hlutfallslega fáir eftirlifendur kusu að flytja til Ísrael. Þetta voru vonbrigði í augum sionista, sem sáu sig nauðbeygða til að hvetja milljón gyðinga frá Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku til þess að flytja inn í vígi þeirra í Palestínu. Hér kemur annars konar mismunun sionisma í ljós – jafnvel meira lýsandi þar sem hún snýr að gyðingum (Pappé 2006, 253–54): viðleitnin til að skapa einsleitt landtökusamfélag þýddi að þessir gyðingar gátu ekki fengið að vera Arabar, en kynþátta- og nýlenduhbyggja gerði það óhugsandi að þeir skipuðu sama sess og evrópskir gyðingar í virðingarstiganum. Heitið *Mizrahim* var því fundið upp og sérstök menning þessara gyðinga – sem voru frá Marokkó, Jemen, Írak og fleiri löndum – var þurrkuð út á sama tíma og þeir voru undirskipaðir hvítum, evrópskum *Ashkenazi* gyðingum, og aðskildir frá palestínskum Aröbum (Abulhawa 2017).

Mizrahim gyðingar voru teknir inn í landtökusamfélagið og voru settir í gegnum ferli svokallaðrar „af-Arabavæðingar“. Þrátt fyrir að utanaðkomandi aðrir njóti upp að einhverju marki góðs af eignarsviptingu og undirokun innfæddra, er inntaka þeirra inn í landtökusamfélagið ávallt í bið (Veracini 2010, 18). Mizrahim gyðingar tilheyra flokki landtökufólks í íbúarekstrinum – sérstaklega þegar það kemur að því að undirskipa aðra hópa – en hvítir, evrópskir Ashkenazi gyðingar eru forskriftin sem sjálfsmynd Ísrael byggist raunverulega á, og þeir sem eru efst í virðingarstiganum. Aðstæður landtöku-nýlendustefnu eru þannig virkt umhverfi þar sem mismunandi hópar geta mögulega færst úr einum flokki íbúarekstursins í annan. Flokkarnir eru aldrei snyrtilega aðskildir; þeim er ögrað, móta hver annan og eru síendurskapaðir (Veracini 2010, 19-20). Samkvæmt Pappé eru Mizrahim gyðingar sérlega ákafir stuðningsmenn Ísraelsríkis, og aðgerða þess gegn Palestínumönnum, þrátt fyrir að fáir þeirra búi við jafn mikla velsæld og Ashkenazi gyðingar. Þeir vita þetta sjálfir; þrátt fyrir samlögun þeirra hefur Ísrael ekki launað þeim með fyllilegu samþykki (Pappé 2006, 255–56).

Hægt er að líkja stöðu Mizrahim gyðinga í Ísrael við hugmyndir W.E.B. Du Bois um *opinbert og andlegt kaup* (e. public and psychological wage) fátækra, hvítra Bandaríkjamanna; verri samfélags- og efnahagsleg staða þeirra var réttlætt fyrir þeim með þeirri harmabót að þeir væru kannski fátækir, en allavega væru þeir ekki svartir. Í samhengi Ísraels eru Mizrahim gyðingar að minnsta kosti ekki Palestínumenn, þrátt fyrir að þeir séu undirskipaðir Ashkenazi

gyðingum (Ross 2019, 28; Du Bois 1935, 700-701). Auk þess að verða fyrir margvíslegri mismunun eru sannanir fyrir því að Ísrael hafi kerfisbundið rænt börnum nýfluttra Mizrahim gyðinga – sérstaklega frá Jemen – og gefið þau Ashkenazi fjölskyldum (Cook 2017). Útilokun Palestínumanna skilgreinir inntöku Mizrahim gyðinga og endurspeglar tilhneigingu landtökuríkja til að etja flokkum í íbúarekstrinum gegn hvorum öðrum.

Epíópískir gyðingar eru dæmi um enn frekari takmörkun á inntöku utanaðkomandi annarra. Undirokun þeirra er dæmi um tilfelli þar sem jafnvel meginsjónarmiðið um meirihluta gyðinga er ekki nægilega mikilvægt til þess að skyggja á uppruna Ísraels sem hvíts landtökuverkefnis. Á meðan Mizrahim gyðingar eru „nógu hvítir“ til þess að vera teknir inn í landtökusamfélagið að hluta til eru epíópískir gyðingar það ekki: árið 2012 kom nokkur fjöldi epíópískra kvenna fram – eftir rannsókn blaðamanns á óútskýrðri fimmtíu prósentu lækkun á fæðingartíðni þeirra yfir einungis tíu ára tímabil – og greindu frá því að þær hefðu verið þvingaðar til þess að taka langverkandi getnaðarvarnir áður en aðflutningur þeirra til Ísrael var samþykktur. Þetta átti sér stað undir ríkisstjórn Netanyahu, þar sem hann gegndi einnig embætti heilbrigðisráðherra. Netanyahu hefur staðhæft opinberlega að innflytjendur og flóttafólk frá Afríku ógni tilvist Ísrael sem lýðræðisríkis gyðinga (Abunimah 2014, 34). Árið 2018 tilkynnti Netanyahu að afrískt flóttafólk hefði þrjá mánuði til þess að yfirgefa landið. Hann lýsti því sem boðflennum (e. infiltrators) og bauð þeim afarkosti: annað hvort gæti það tekið við fjárhæð til þess að fara aftur til Afríku, eða eyða ævinni í ísraelsku fangelsi (Minority Rights Group International 2019). Í því samhengi má segja að afrískt flóttafólk falli undir flokk fyrirlitlegra annarra: íbúarekstur Ísraels er harðgert vígi, og meginmarkmið stjórnvalda er að vernda það frá þeim sem sammælast ekki anda og gildum hvíta, evrópska landtökuverkefnisins.

Áhersla Ísraels á lýðfræðilegt jafnvægi (e. demographic balance) – með öðrum orðum að halda Aröbum í skefjum – þýðir að Palestínumenn með ísraelskan ríkisborgararétt eða stöðu varanlegrar búsetu þykja ógn við íbúareksturinn. Samfélag gyðinga, jafnt á hægri væng sem vinstri, þráir að losna við þá samkvæmt Pappé (2006, 254). Í ísraelskum stjórnámálum koma endurtekið upp hugmyndir um „valkvæðan“ tilflutning Palestínumanna, bæði til þess að fá Palestínumenn til þess að yfirgefa Vesturbakkann og til þess að fá Palestínumenn með ísraelskan ríkisborgararétt til þess að yfirgefa landið (Abunimah 2014, 33–34). Á hebresku er aðeins talað um *Palestínumenn* á Vesturbakkanum, Gaza-ströndinni, og í útlegð, en *ísrælska Araba* þegar rætt er um Palestínumenn innan Ísraels (Pappé 2006, 249). Innan Ísraelsríkis eru Palestínumenn með ríkisborgararétt annars flokks borgarar. Meðal annars hefur Ísrael aldrei leyft stofnsetningu háskóla sem hefur arabísku sem opinbert tungumál, og nánast engir

Palestínumenn starfa í „mikilsvirtum“ hlutum hagkerfisins eins og fjármálum, tryggingum og tækni. Mörg störf eru auglýst með herþjónustu sem skilyrði, en með fáum undantekningum gegna Palestínumenn með ríkisborgararétt ekki herþjónustu. Auk þess eru 93% opinberra starfa unnin af gyðingum, en aðeins 7% af Palestínumönnum – þrátt fyrir að þeir séu um 20% íbúafjöldans (Abunimah 2014, 32).

Kviði varðandi íbúarekstur birtist til dæmis í orðræðu um Palestínumenn sem *tifandi tímasprengju* og *hættu*. Pappé líkir orðræðu um mögulega innlimun Palestínumanna við orðræðu Evrópu um hvernig skuli taka við, eða fæla frá, innflytjendur. Í samhengi Ísrael og Palestínu er það þó samfélag innflytjenda sem ákveður framtíð innfæddra, en ekki öfugt. Palestínumenn innan Ísrael eru meðvitaðir um að yfirskin Ísrael sem frjálslynds lýðræðisríkis verndar þá þegar þeir eru bara *vandamál*, en þegar þeir verða *hætta* geta ísraelsk stjórnvöld beitt neyðarlögum sem hafa verið til frá tímum breskrar umboðsstjórnar – sem einfaldar til dæmis lokun palestínskra tímarita Ísrael, niðurrif húsa og brottrekstur (Pappé 2006, 254). Í sögulegu samhengi hefur þetta gerst meðal annars eftir Intifada-uppreisnirnar tvær og önnur tímabil róttækrar andspyrnu.

Flækjustig íbúareksturs í landtökuverkefnum er hátt. Stýra þarf annarleikum á sveigjanlegan máta, sem má sjá skýrt í ofangreindum dæmum, en á sama tíma þurfa þeir að vera aðskildir; sumar línur er ekki hægt að fara yfir. Samruni flokka (e. hybrid identities) er eitt áhyggjuefni landtökuverkefna því hann kemur grunnskipulagi venslakerfisins í uppnám. Slíkur samruni er ekki leyfður vegna þess að landtökuverkefni þarfnast þrískipts venslakerfis. Þar sem landtökusjálfið er bæði utanaðkomandi og innfætt, þarfnast það rökþróunar sem speglar þessi einkenni. Landtökuverkefni krefjast þannig bæði utanaðkomandi og innfædda annarleika, og viðvarandi hólfskipting íbúa er mikilvæg fyrir íbúareksturinn (Veracini 2010, 30). Gyðingar eru skipaðir í flokk landtökufólks, þrátt fyrir innri mismunun; Palestínumenn á Vesturbakkanum, í útleigð og á Gaza-ströndinni eru innfæddir aðrir en Palestínumenn innan Ísraels – ísraelskir *Arabar* – eru utanaðkomandi aðrir. Báðir hóparnir snerta flokk fyrirlitlegra annarra, en færa má rök fyrir því að Ísrael nái aldrei beinlínis að ýta þeim yfir línuna. Flóttafólk frá Afríku er dæmi um annan hóp sem fellur undir flokk fyrirlitlegra annarra; auk eþíópískra gyðinga, með tilliti til þeirrar skelfilegu aðgerða sem þeir hafa mátt þola af hálfu stjórnvalda. Í Ísrael víkur þannig það að vera gyðingur fyrir innbyggðri kynþátta- og nýlenduhyggju sionískrar hugmyndarfræði. Þrátt fyrir að íbúareksturinn eigi við yfirráðasvæði landtökuríkis eru landamæri merkingarlaus í aðstæðum Ísraels og Palestínu; þau eru sveigjanleg og stöðugt í

útpenslu, auk þess sem ísraelsk stjórnvöld hafa nánast fullkomna stjórn á daglegu lífi Palestínumanna. Landsvæði bæði Ísraels og Palestínu eru þannig yfirráðasvæði Ísraels.

Samkvæmt Veracini er hugmyndin um samruna flokka og lífshátta eins konar kynsjúkdómur í augum landtökuverkefna. Árangursríkt landtökuverkefni hefur sýnt fram á getu til þess að hafa eftirlit með eigin íbúarekstri – þar á meðal eftirlit með fólksfjölgun innfæddra og utanaðkomandi annarra.¹² Landtökuverkefni stýra blöndun flokka með því að bæla niður möguleikann á þeim. Eftirfylgni með bókstaflegu banni er þó ekki alltaf möguleiki, og tilraunir til þess að halda niðri blöndun flokka taka því á sig ýmsar myndir, en sem dæmi má nefna eins dropa regluna og blóðreglur frumbyggja í Norður-Ameríku. Landtökuverkefni beita ólíkum aðgerðum, sem eiga það þó sameiginlegt að hafna möguleikanum á samruna flokka í íbúarekstrinum auk þeirra réttinda sem því gætu fylgt. Blönduð tilvist án viðurkenningar er eini möguleikinn á samruna – hún felur þó ekki í sér breytingar á þrískiptingu íbúarekstursins, og er auk þess niðurbæld með öllum leiðum (Veracini 2010, 31).

Fólki af ólíkum trúarbrögðum er bannað að giftast í Ísrael, þrátt fyrir að utanaðkomandi blönduð hjónabönd séu tekin gild. Árið 2003 samþykkti Knesset, ísraelska þingið, auk þess lög sem hindruðu Palestínumenn sem eru giftir ísraelskum ríkisborgurum í að öðlast ísraelskan ríkisborgararétt (Pappé 2006, 249). Lögin voru „öryggisaðgerð“ og voru upphaflega tímabundin, en hafa verið endurnýjuð árlega síðan. Samkvæmt skýrslu palestínskra mannréttindasamtaka hindra lögin sameiningu fjölskyldna og grafa meðal annars undan rétti Palestínumanna innan til þess að velja sér maka og lifa fjölskyldulífi (Al-haq o.fl. 2019, 11). Þar sem Palestínumenn með ísraelskan ríkisborgararétt eru utanaðkomandi aðrir og Palestínumenn utan Ísraels eru innfæddir aðrir táknar hjónaband þeirra samruna flokka í íbúarekstrinum. Palestínumenn eru þannig hindraðir í að fara á milli flokka og öðlast réttindin sem fylgja ísraelskum ríkisborgararétti. Sumar línur er þannig ekki hægt að fara yfir; bæði gyðingar og Palestínumenn öðlast stöðu sína innan íbúarekstursins við fæðingu, og sú staða er nánast óbreytanleg.

Landtökuverkefnum gremst öll utanaðkomandi afskipti: geta þeirra til að stýra íbúarekstri yfirráðasvæða sinna er ein af grunnstöðum fullveldis þeirra (Veracini 2010, 16–17). Þau standa fast á eigin getu til að sjá um öll samskipti og tengsl við innfædda sem innanríkismál, þrátt fyrir

¹² Sem dæmi þurftu frumbyggjar Ástralíu formlegt leyfi frá landtökuríkinu til þess að stofna til hjúskapar snemma á tuttugustu öld (Veracini 2010, 31).

að sýna oft andlit samvinnuþýði útvortis.¹³ Þrátt fyrir þrískiptingu íbúareksturs er einkennandi að samskipti landtökuríkja við umheiminn eru staðfastlega tvískipt. Veracini bendir á að við búum í heimi landtöku-nýlendustefnu (Veracini 2010, 30) þar sem flest valdamikil ríki eru annað hvort beinlínis landtökuverkefni eða byggðu auð sinn á nýlendu- og heimsvaldastefnu. Í þessu samhengi má færa rök fyrir því að landtökuríki finni til sérstaks bræðralags síns á milli; Ísrael hefur fengið samanlagt mesta fjárhagsaðstoð í sögu Bandaríkjanna frá seinni heimsstyrjöldinni – mest af því hernaðaraðstoð. Vináttusambandið við Ísrael, evrópska vígið í Mið-Austurlöndum, er sérlega mikilvæg fyrir hagsmunum Bandaríkjanna. Þessi stuðningur gerir Ísrael kleift að halda áfram beita rökvísi útrýmingar gegn Palestínumann – rökvísi sem Bandaríkin eru sjálf byggð á. Hernaðarvæðing lögreglunnar í Bandaríkjunum hefur að hluta til tekist með aðstoð ísraelska stjórnvalda, sem hafa aðstoðað Bandaríkin í hinu svokallaða stríði gegn hryðjuverkum með með frumkvöðlatakni, þjálfun, búnaði og aðferðum sem ísraelski herinn hefur prófað á Palestínumönnum (Davis 2016, 139).

3.4.1 Sjálfsmynd landtökuverkefna

Samkvæmt Veracini er viss tvíræðni (e. ambiguity) lýsandi einkenni landtöku-nýlendustefnu. Þar sem landtökusamfélagið kemur annars staðar að og sér sjálft sig sem varanlega staðsett og rótgróið er það bæði innfætt og utanaðkomandi á sama tíma. Tvíveðrungslegar (e. ambivalent) tilfinningalegar aðgerðir sem tengjast landsvæðum og uppruna eru ein afleiðing þessarar tvíræðni. Þjóðernishyggi landtökuverkefna einblínir á að minnsta kosti tvo upprunastaði: annars vegar veita ýmis hugtök innan landtöku-nýlendustefnu goðsagnakenndar tilvísanir fyrir ferli *innlenduvæðingar* (e. indiginisation), sem gerir landtökusamfélaginu kleift að fjárfesta andlega í landsvæði, og hins vegar gerir landtökufólk endurtekið grein fyrir tvístraðri (e. diasporic) sjálfsmynd í gegnum áherslu á rætur og lönd forfeðra sinna (Veracini 2010, 20–21).

Landtökufólk er þannig tengt því sem það sér sem *heima*, sem er sitt á hvað eða á sama tíma „gamli“ og „nýi“ staðurinn. Annars vegar sækist landtökuverkefnið eftir innlenduvæðingu og sjálfsstjórn, en hins vegar sækist það eftir því að skapa eins konar ný-evrópska eftirmynd og festa í sessi „siðaða“ lífshætti. Innlenduvæðing er keyrð áfram af grundvallarþörf landtökuverkefna til þess að breyta sögulegri tengingu („við komum hingað“) í náttúrulega tengingu („landið skapaði okkur“), en hin tilhneigingin, Evrópuvæðing (e. Europeanisation), er

¹³ Sem dæmi má taka yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um réttindi frumbyggja (Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna 2007) sem landtökuríkin Bandaríkin, Kanada, Ástralía og Nýja-Sjáland höfðu staðfastlega að samþykki í fyrstu (Veracini 2010, 30).

þörfin til þess að viðhalda og endurskapa evrópska „staðla“ og lífshætti. Báðar tilhneigingarnar eru einkennandi fyrir landtökuverkefni (Veracini 2010, 21).

Í tilviki Ísraels er aðeins einn upprunarstaður; innlendu­væðing var forsenda landtökunnar, jafnvel áður en aðflutningur gyðinga hófst. Tvíræðnin sem einkennir Ísrael sem landtökuverkefni byggir þó á evrópskum uppruna þess – samofið tilkallinu til landsvæða Palestínu. Samkvæmt höfundi greinarinnar *Settler Colonialism and the State of Exception: The Example of Palestine/Israel* má á yfirborðinu finna óleysanlega mótsögn í hugmyndafræði veraldlegs, pólití­ssk sionisma: annars vegar sækist Ísrael eftir því að vera samþykkt sem þróað lýðræðisríki, en hins vegar krefst það þess að fá undantekningu frá alþjóðalögum og mannréttindasamþykktum á grundvelli einstakra örlaga þess sem ríki gyðinga, sem þarf að verja með öllum leiðum (Lloyd 2012, 65).

Sérstöðuhyg­gja Ísraels kom til löngu fyrir helförina – hugmyndin um *ríki gyðinga fyrir gyðinga* var ekki einfaldlega svar við þjóðarmorði evrópskra gyðinga, heldur grundvöllur sionískrar hugmyndafræði. Þessi hugmyndafræði er óumflýjanlega í andstöðu við viðteknar hugmyndir um skilyrði sem sem frjálslynd, veraldleg ríki þurfa að uppfylla. Ísrael, og stuðningsfólk þess, vill vera álit­ið frjálslynt, heimsborgaralegt og mannúðarlegt, en krefst þess að undantekning sé gerð á þessum skilyrðum vegna biblíusögulegs tilkalls Ísraels. Lýðræðislegar og veraldlegar stofnanir Ísraels byggjast þannig á öfgakenndu tilkalli trúarlegrar sérstöðu sem leyfist engu öðru ríki í heiminum (Lloyd 2012, 65). Tvíveðrungur er ljós í sjálfsmynd Ísraels sem lýðræðisríkis, gagnstætt trúarlegu tilkalli sionisma til Palestínu. Þessar mótsagnir eru dæmi um tilfinningalegar aðgerðir landtökuverkefna sem endurspegla innlendu- og Evrópuvæðingu. Þrátt fyrir að þessar tilhneigingar virðist andstæðukenndar á yfirborðinu starfa þær í samhengi þar sem landtökusamfélagið leitast á kerfisbundinn hátt við að rísa ofar sjálfu sér. Þessar tilhneigingar eru samræmdar á margvíslegan hátt: Evrópuvæðing og innlendu­væðing endurspegla þarfir landtöku-nýlendustefnu til þess að annars vegar umbreyta umhverfinu svo það henti landtökuverkefninu, og hins vegar „endurskapa“ landtökufólkið svo það henti umhverfinu (Veracini 2010, 22–23).

Innlendu­væðing inniheldur oft bókstaflegar vísanir í myndmál innfæddra og aðra þætti menningar þeirra. Þar sem tilkall sionísta fólst í því að gyðingar væru einfaldlega að snúa heim gat landtökuverkefnið ekki vísað í Palestín­umenn til þess að innlendu­væða sig – það hefði viðurkennt þá sem upphaflega eigendur landsins. Sionísk nútímavæðing á borginni Jaffa fólst þó dæmis í því að láta arkitektúrinn líkja eftir „dæmigerðri“ mið-austurlenskri borg á sama tíma og hún var tæmd af palestínskri fortíð sinni og íbúum. Auk þess var hebreska valin sem opinbert

tungumál Ísraels í stað evrópskrar jiddísku; meira að segja hebreska undir ákveðnum áhrifum frá jemenskri mállýsku. (Wolfe 2006, 388–89).

Ofantalin dæmi eru lýsandi fyrir innlenduæðingu Ísraels, sem byggist á notkun á arabískri menningu. Samkvæmt Susan Abulhawa (2017) hefur Ísrael að einhverju leyti fjarlægst upprunalega fyrirritningu á menningu „Austurlandanna“ (e. Orient): þrautseigja Mizrahim gyðinga varðandi það að halda í menningarlegar rætur sínar, þrátt fyrir viðleitni Ísraels til þess að eyða þeim, hefur reynst hentugt leið fyrir Ísrael til þess að gera tilkall til svæðisbundinnar menningar innfæddra. Matur á borð við falafel og hummus, auk hefðbundns klæðnaðs og arabískra þjóðdansar hafa þannig verið endurskapaðir sem ísraelskir, á sama tíma og öruggri fjarlægð er haldið við allt sem gæti talist viðurkenning á tilkalli Palestínnumanna. Með þessu menningarnámi (e. cultural appropriation) hefur landtökusamfélagið verið endurskapað, og í kjölfarið fellur það svo vel að landslagi og menningu svæðisins að erfitt er sjá það sem annað en upphaflegan eiganda þess.

Á sama tíma er Evrópuvæðing þýðingarmikil í samhengi landtöku-nýlendustefnu sem tilkomu samfélags sem vill njóta evrópskra líf skjara og forréttinda.¹⁴ Hærri laun gyðinga og val JNF á evrópsku yfirbragði barrtrjáa eru dæmi um Evrópuvæðingu, en umdeilt er hvort *viðvarandi* Evrópuvæðing eða *rof* á henni sé ráðandi í þessu ferli landtökuverkefna. Samkvæmt Veracini þarf að beita sjónarhorni sem leyfir tilvist og verkun beggja ferla á sama tíma; þessar tvær tilhneigingar styðja við og móta hvor aðra í reynd. Fullkomlega Evrópuvætt landtökuverkefni er ekki lengur sviðsmynd landtöku-nýlendustefnu, og það sama má segja um fullkomlega innlenduætt landtökuverkefni. Lokamarkmiðið að þurrka út einkenni landtöku-nýlendustefnu, en aðferðirnar fara eftir því hvað hentar hverju landtökuverkefni fyrir sig (Veracini 2010, 22–23). Þrátt fyrir þetta er hvorki Evrópuvæðing né innlenduæðing nokkurn tímann algjör. Landtökusamfélagið er alltaf samfélag í *mótun* sem einkennist af fyrirheitum um endanleika frekar en að hann sé raunveruleikinn. Landtökuverkefni bera með sér óuppgerða spennu á milli samsömun og mismunar; þau leitast við að viðhalda jafnvægi á milli innlenduæðingar og Evrópuvæðingar, en á sama tileinka þau sér báðar. Þessi klofningur er sjaldan gerður upp (Veracini 2010, 23–24).

Steinsteypa var valin til uppbyggingar Tel Avív í stað *kurkar* steins, sem var ráðandi í palestínskum byggingariðnaði. Þetta átti bæði að hindra þörfina á sérþekkingu palestínskra

¹⁴ Í þessu samhengi má vísa til dæmis vísa í orð sioníska leiðtogans Arthur Ruppin frá árinu 1926, fengin úr bók ísraelska fræðimannsins Gershon Shafir: „*Jews wish to maintain a European standard of civilization in Palestine and must yet compete economically with a majority not accustomed to such a standard. [This] contains the root of all the difficulties with which our agricultural colonization has to struggle.*“ (Shafir 1996, 45).

steinsmiða – þrátt fyrir að palestínskt vinnuafli hafi á endanum reynst nauðsynlegt – og tryggja að yfirbragð borginnar yrði evrópskt (Ross 2019, 12). Eftir hernámið birtist þó ný tilhneiging – svokölluð Ottómanía – þar sem fornleifafræðingar sem einblíndu á biblíusögur kveiktu á nýjum trúarlegum og goðsagnakenndum áhuga á landsvæðinu. Eftirstandandi palestínskar byggingar úr kurkar steinum voru ekki lengur molnandi rústir vanþróaðrar siðmenningar; þær risu nú úr heilagri grundu og voru til minningar um forna siðmenningu gyðinga sem þyrfti að endurheimta (Ross 2019, 12–13). Þetta dæmi speglar rökþróun innlendu- og Evrópuvæðingar, þar sem tilhneigingar sem virðast andstæðukenndar verka samtímis til þess að endurskapa bæði umhverfið og landtökusamfélagið. Umbreyting landsvæða endurspeglar síðan mótun „nýs manns“, en landtöku-nýlenduhefðir hafa samkvæmt Veracini (2010, 23-24) sérstakan áhuga á möguleikanum á endurnýjaðri karlmennsku. Ilan Pappé talar til dæmis um viðvarandi ísraelska hetjudýrkun og hinn svokallaða „nýja gyðing“ í sionísku áróðursefni: vöðvastæltan, heilbrigðan og sólbrúnan mann sem beindi riffli sínum að fjandsamlegum arabískum innrásarmönnum (Pappé 2006, xiii–xiv).

Samkvæmt Veracini staðfesta orðatiltæki innan landtöku-nýlendustefnu rökþróun hins *réttmæta/auðvirðilega* og þess *æðra/lægra*. Myndlíkingar sem kalla fram þessa rökþróun eru ekki alltaf bókstaflegar, en tilkall landtökusamfélaga verður æðra því *nær* sem það er jörðinni. Sem dæmi merkir orðið *aliyah* – sem vísar til þess að gyðingar flytji til Ísrael – að „rísa upp“, en í bókstaflegri merkingu þýðir það þannig að rísa upp *að* jörðinni. Þegar landtökufólk gerir tilkall til landsvæðis er það jafnframt gert í orðræðusamhengi sem vísar til „æðri notkunar“, til dæmis orðræða sionista um að láta eyðimörkina blómstra (Veracini 2010, 19–20). Hugmyndin um æðri notkun, og það að „rísa upp“, er þannig eitt dæmi um tilfinningalegar aðgerð sem landtöku-nýlendustefna beitir til þess að réttlæta tilvist sína.

3.5 Tilfærsla

Samkvæmt Veracini er möguleikinn á *tilfærslu* (e. transfer) innfæddra á stórum skala það sem gerir landtökuverkefni möguleg: tilfærsla er eitt mikilvægasta vopn landtökuverkefna í draumórum um að endanlega „hreinsa“ landsvæði af innfæddum og utanaðkomandi öðrum. Tiltæklur innfæddra og utanaðkomandi annarra eru skyldar, og tilfærsla innfæddra getur auðveldað tilfærslu utanaðkomandi annarra. Veracini einblínir þó á tilfærslu innfæddra í kenningum sínum: utanaðkomandi aðrir ögra ekki lögmæti landtökuverkefnisins með nærveru sinni á sama hátt og innfæddir gera – þvert á móti staðfestir tilvist þeirra innlenduvæðingu landtökusamfélagsins. Tiltæklur er sveigjanlegra hugtak en fjarlægning og þarf því ekki eingöngu að vísa til þess þegar líkómum er ýtt yfir landamæri, eins og Veracini segir sögulega

reynslu Palestínumanna sýna fram á. Upphafleg tilfærsla landtökufólksins er jafnframt spegluð í tilfærslu innfæddra (Veracini 2010, 33–34).

Ákveðnar tegundir tilfærslu eru á yfirborðinu minna fólkskulegar en aðrar, og eru jafnvel settar í búning miskunnsemi. Oft styðja mismunandi tilfærslur þó við hvor aðra, ásamt því að forsenda ákveðinnar tilfærslu er oft árangursrík fyrri beiting annarrar tilfærslu. Mismunandi gerðir tilfærslu eru oft kynntar sem afarkostir: annað hvort skuli *þessi* tegund tilfærslu valin eða *hin*, sem kemur í veg fyrir möguleikann á því að *engin* tilfærsla eigi sér stað. Ólíkum tilfærslum getur verið hrint í framkvæmd á ólíkum tímum til þess að svara ákveðnum þörfum landtökuverkefnis, eða beitt í samræmi við hlutfallslegt vald þess gagnvart innfæddum. Tilfærslur eiga það þó alltaf sameiginlegt að leitast við að tæma flokk innfæddra í íbúarekstrinum (Veracini 2010, 34).

Hugmyndin um tilfærslu – í samhengi Ísraels veigrunarorð fyrir skipulagða fjarlægingu Palestínumanna – hefur samkvæmt Nur Masalha, höfundu bókarinnar *Expulsion of the Palestinians: The Concept of Transfer in Zionist Political Thought, 1882-1948* spilað meginhlutverk í stefnumótun sionískra hreyfinga og samfélagi gyðinga í Palestínu frá upphafi. Ekki einungis öfgamenn innan sionískra hreyfinga aðhylltust hugmyndina um tilfærslu; nánast allir stofnendur, forfeður og mikilvægir leiðtogar sionisma studdu tilfærslu og voru málsvorar hennar á einn eða annan hátt. Jafnvel hófsemdarmenn eins og Arthur Ruppin, stofnandi *Brit Shalom*, sem kallaði eftir jafnrétti fyrir Araba og gyðinga, studdu tilfærslu. Tillögur um tilfærslur voru settar fram af Stjórnarstofnun gyðinga, sem var stjórn samfélags gyðinga fyrir stofnun Ísraelsríkis (Masalha 1994, 1–2), og Ben-Gurion lýsti því jafnframt yfir að hann sæi ekkert athugavert við þvingaða tilfærslu Palestínumanna (Ross 2019, 1–2). Til eru fjölmörg önnur dæmi.

Draumurinn um fjarlægingu innfædda íbúa Palestínu var stöðugt viðfangsefni sionisma þar til kraftaverkið – eða hörmungarnar, eftir því hver lýsir því – átti sér stað í stríðinu 1948. Draumórar um að hægt væri að láta Palestínumenn „hverfa yfir landamærin“ (e. „spirited across the borders“) í orðum Theodor Herzl, föður pólitísku sionisma, eða að þeir myndu einfaldlega „pakka saman tjöldum sínum og læðast í burtu“ (e. „fold their tents and slip away“) breyttust fljótt í raunsærra mat á aðstæðum. Þetta kallaði á sveigjanlega stefnumótun sem miðaði meðal annars að því að „hvetja“ Palestínumenn til þess að flytja sjálfviljugir (Masalha 1994, 1–2). Hugmyndin um *Nakba* sem „valkvæða tilfærslu“ hefur verið ráðandi í söguskýringum ísraelskra fræðimanna samkvæmt Pappé, sem er einn af svokölluðum endurskoðandi (e. revisionist) sagnfræðingum Ísraels. Samkvæmt þessum hefðbundnu söguskýringum ákváðu

hundruðir þúsunda Palestínumanna að yfirgefa heimili sín og þorp til þess að forðast innrásarheri Arabalanda sem voru staðráðnir í að rústa ríkinu unga. Sannleikurinn er þó sá að brottrekstur Palestínumanna var meginmarkmið sionískra hersveita, og hlutfallslega fámennir herir úr nærliggjandi löndum náðu ekki að stöðva hann (Pappé 2006, xiv).

Veracini telur upp alls tuttugu og sex tegundir birtingarmyndir og tegundir tilfærslu. Þær eru fjölbreyttar og vísa, eins og áður hefur verið tilgreint, ekki eingöngu til þess að líkömum sé ýtt yfir landamæri. Mörgum þeirra hefur verið beitt á Palestínumenn, bæði sögulega séð og í nútímanum. Ef til vill eru bókstaflegustu gerðir tilfærslu *dauðapólitík* (e. necropolitical transfer), sem er þegar samfélögum innfæddra er útrýmt í gegnum hernaðaraðgerðir eins og í *Nakba* og mannskæðum árásum á Gaza-ströndina, og *þjóðernistilfærsla* (e. ethnic transfer), sem vísar til nauðungarflutninga innfæddra innan eða utan landamæra þess landsvæðis sem landtökuverkefnið hefur gert tilkall til – og á sér einnig hliðstæðu í *Nakba*. Landtökuverkefni hafa sérstakan áhuga á því að breyta innfæddum í flóttafólk: flóttafólk er innfætt einhvers staðar annars staðar, og hvar sem innfæddir enda hætta þeir að vera innfæddir í augum landtökusamfélagsins. Milljónir palestínsks flóttafólks eru í útlegð, eða búa á Vesturbakkanum og á Gaza-ströndinni, og rétti þeirra til þess að snúa heim er ítrekað afneitað. Hugarórar um að hrinda af stað svokölluðum „valkvæðum tilfærslum“ passa einnig inn í þessa gerð tilfærslu. Bakgrunnur og yfirlýst markmið mismunandi þjóðernistilfærslna eru ólík, en þær kalla fyrir sjáanlega eftir því að innfæddir séu færðir til í stórum stíl (Veracini 2010, 35).

Sem dæmi um tilfærslu sem virkar helst í gegnum orðræðu má nefna *huglæga tilfærslu* (e. transfer by conceptual displacement), sem vísar til þess þegar innfæddir eru ekki álitnir innfæddir heldur utanaðkomandi aðrir sem hafa komið inn í rými landtökuverkefnisins á einhverjum tímapunkti – helst eftir aðflutning landtökusamfélagsins.¹⁵ Oft eru innfæddir ekki einungis álitnir koma einhvers staðar annars staðar að, heldur *hvergi* sérstaklega að. Huglæg tilfærsla getur innihaldið persónugervingu innfæddra sem sjúklega (e. pathologically) hreyfanlegs flokkufólks sem taki með reglulegu millibili þátt í ófyrirsjáanlegum flutningum á milli staða. Innfæddir eru þannig á flakki, reika um og „eiga leið hjá“, en eru ekki beinlínis búsettir á landsvæðinu, ólíkt landtökusamfélaginu (Veracini 2010, 35–36). *Skynjunartilfærsla* (e. perception transfer) er oft forsenda huglægrar tilfærslu, og vísar til þess þegar innfæddum og tilvist þeirra er afneitað, til dæmis þegar þeir eru álitnir hluti af landslaginu; tómu landslagi

¹⁵ Sem dæmi voru innfæddir Suður-Afríkubúar „erlendir frumbyggjar“ og „Afríkubúar“ í augum hvíta landtökusamfélagsins sem vildi halda því fram að innfæddir hefðu ekki komið inn í rými þess fyrr en seint og um síðir.

sem er tilbúið að taka á móti landtökufólki. Samkvæmt þessari skynjun sjást innfæddir ekki, heldur læðast um og fela sig í runnum. Ein af afleiðingum skynjunartilfærslu er að þegar tilvist innfæddra kemur óumflýjanlega fram á sjónarsvið landtökufólks eru þeir taldir hafa komið óboðnir inn í landtökurýmið. Þar af leiðandi getur landtökusamfélagið álitnið innfædda vera utanaðkomandi (Veracini 2010, 37), eins og er skýrt í dæmi Ísraels.

Þegar sionismi birtist sem pólitískt afl og kallaði eftir landnámi og sameiningu gyðinga í Palestínu var þeirri staðreynd að landið væri nú þegar byggt ekki gefinn mikill gaumur, en til dæmis minntist stefnuýfirlýsing fyrsta sioníska þingsins ekki einu orði á innfædda íbúa landsins. Á fyrstu árunum sem sionistar reyndu að tryggja framtaki sínu stuðning komu þeir á fram hugmyndinni um „land án fólks, fyrir fólk án lands.“ Eins og áður hefur komið fram útskýrði höfundur slagorðsins að þrátt fyrir að þetta væri bókstaflega ónákvæmt væru engir í Palestínu sem hefðu fest þar rætur – í mesta lagi væru þar tjaldbúðir Araba. Árið 1914 sagði Chaim Weizmann síðan að annars vegar væri hér um að ræða land án fólks, Palestínu, og hins vegar fólk án lands, gyðinga; og því þyrfti að sameina þetta land og þetta fólk (Masalha 1994, 5–6).¹⁶ Þetta lýðfræðilega mat sionista var ekki meint bókstaflega heldur var það beiting skynjunar- og huglægrar tilfærslu og merkti fyrst og fremst að í Palestínu væri ekkert fólk sem væri þess virði að taka tillit til í samhengi hugmynda um evrópska yfirburði (Masalha 1994, 6). Þar sem tilkall Ísraels til landsvæða Palestínu byggðist á því að gyðingar væru upphaflegir eigendur þess voru, og eru, Palestínumenn álitnir utanaðkomandi, óboðnir gestir.

Önnur tegund tilfærslu sem á sér fyrst og fremst stað í orðræðu og hugmyndafræði er *frásagnartilfærsla* II (e. narrative transfer), sem er þegar hugmyndir um „framgang sögunnar“ – eins og Patrick Wolfe hefur fjallað um – eru notaðar til þess að afneita lögmæti innfæddra og deilumála þeirra. Áhersla er lögð á óbrúanlegt rof á milli fortíðar innfæddra og „eftirlendu“ nútímans, þar sem landtökusamfélagið ræður ríkjum og andspyrna innfæddra er ólögmæt. Þessi tilfærsla er þannig dæmi um mikilvægi þess að tíminn líði í landtöku-nýlendustefnu (Veracini 2010, 41). Afneitun Ísraels á tilkallsrétti Palestínumanna, hugmyndin um það að Ísrael sé óafturkræf staðreynd á grundu og hryðjuverkavæðing andspyrnu innfæddra í kjölfarið eru skýr dæmi um frásagnartilfærslu II. *Frásagnartilfærsla* IV vísar síðan til staðhæfinga og orðræðu um að landtökufólk sé *líka* innfætt, og leggur áherslu á þjóðernisuppbyggingu (e. ethnogenesis)

¹⁶ „In its initial stage, Zionism was conceived by its pioneers as a movement wholly depending on mechanical factors: there is a country which happens to be called Palestine, a country without a people, and, on the other hand, there exists the Jewish people, and it has no country. What else is necessary, then, than to fit the gem into the ring, to unite this people with this country? The owners of the country [the Turks] must, therefore, be persuaded and convinced that this marriage is advantageous, not only for the [Jewish] people and for the country, but also for themselves.“ (Masalha 1994, 5–6)

landtökusamfélaga – þrátt fyrir að innfæddir hafi (af tilviljun) komið fyrst inn á landsvæðið hafa báðir hópar setist að á landinu og verið innlenduvæddir á árangursríkan hátt. Þessi tegund tilfærslu er afar mikilvæg fyrir sionisma sem landtökuverkefni, með ítrekuðum vísunum sínum í goðsagnakennda, innlenduvæðandi fortíð. Þessi orðræða þurrkar út mismuninn á tengslum landtökufólks og innfæddra við landsvæði: sérstaða innfæddra er þannig það sem er fært í burtu (Veracini 2010, 42–43).

Samkvæmt Pappé tókst Ísrael eftir 9/11 að láta hinn vestræna heim hugsa um Palestínumenn innan Ísrael sem *Araba* og Palestínumenn á hernumdu svæðunum sem *múslima* (Pappé 2006, 251), en þetta er dæmi um *tilfærslu með kynþáttavæðingu* (e. transfer by racialisation), sem á sér stað þegar „kynþættir“ eru taldir vera flokkar sem skilgreina samfélagið – innfæddir eru því flokkaðir sem eitthvað annað en innfæddir. Kynþáttavæðing er ein afleiðing draumóra landtökuverkefna um að skipta innfæddum út fyrir utanaðkomandi aðra, og staðfesta þar með eigin innlenduvæðingu. Þessi tegund tilfærslu vinnur þannig mikla hugmyndafræðilega vinnu (Veracini 2010, 49).

Önnur orðræðutengd tilfærsla er þegar *nöfn eru gerð upptæk* (e. transfer by name confiscation). Nöfn snúast um og leiða af sér réttindi: bætur til innfæddra snúast til dæmis oft um að „skila“ nöfnum á kennileitum og landslagsþáttum. Nafnabreytingar eru öflugt verkfæri landtökuverkefna til þess að taka yfir landsvæði, grafa undan réttindum innfæddra og innlenduvæða sig með því að nota nöfn þeirra í eigin þágu.¹⁷ Önnur birtingarmynd þessarar tilfærslu er þegar landtökusamfélagið endurnefnir sjálft landið (Veracini 2010, 47–48). Í jákvæðri vidd rökvisi útrýmingar skiptir landtöku-nýlendustefna ekki út samfélagi innfæddra blæbrigðalaust: ferlið heldur alltaf eftir ákveðnu spori innfæddra. (Wolfe 2006, 389). Samkvæmt Pappé hófst hebreskuvæðing örnefna Palestínu árið 1920 og hélt áfram með enn meiri krafti eftir atburði *Nakba*, sem færðu palestínsk svæði í eign Ísraels. Nefnd sem var stofnuð innan JNF sá um að endurnefna Palestínu á kerfisbundinn hátt, en samkvæmt sionistum höfðu hebresk nöfn verið afskræmd í gegnum árin með utanaðkomandi yfirtöku Araba á Eretz Israel. Endursköpun JNF á „Ísrael til forna“ var kerfisbundin, fræðileg, pólitísk og hernaðarleg tilraun til þess að „af-Arabavæða“ landslag, landafræði og sögu Palestínu (Pappé 2006, 226).

¹⁷ Opinbert myndmál Ástralíu – til dæmis byggingar, flugfélög og íþróttalið – vísar iðulega í mótíf frumbyggja landsins (e. Aboriginal eða First Nations Peoples, á meðal annarra titla). Á meðal réttlættinga þess að landsvæði væru tekin af frumbyggjum í Ástralíu var sú að landtökusamfélagið gæti einfaldlega nýtt landið betur – ekki að landtökufólkið væri sjálft upphaflegir eigendur landsins. Ísrael gæti ekki gert það sama, þar sem það myndi viðurkenna Palestínumenn sem upphaflega eigendur landsins (Wolfe 2006, 389).

Aðflutningur Mizrahim gyðinga hefur einnig gert Ísrael kleift að taka yfir arabíska menningu og innlendumæða sig á árangursríkan hátt.

Aðrar tegundir tilfærslu eiga sér stað yfir lengri tíma, til dæmis í gegnum stefnumótun. Í samhengi þessarar ritgerðar sýnir *tilfærsla með samlögun* (e. transfer by assimilation), sem dæmi um slíka tilfærslu, fyrst og fremst fram á hvað er mögulegt og hvað er ekki mögulegt í mismunandi landtökuverkefnum. Samlögun er margbrotin, en er í grunninn ferli þar sem innfæddir eru látnir laga sig að viðmiðunarstöðlum landtökusamfélagsins, til dæmis hvað varðar menningu og hegðun (Veracini 2010, 37–39). Samlögun er ekki ófrávíkjanlegt einkenni landtöku-nýlendustefnu, heldur ein möguleg aðferð af mörgum sem koma til með að njóta hylli í ákveðnu sögulegu samhengi. Auk þess getur samlögun tekið á sig margar myndir (Wolfe 2006, 401). Þar sem ísraelskt þjóðerni nær í raun eingöngu til gyðinga, og Palestínumenn snerta flokk fyrirtillegra aðra í íbúarekstrinum, er möguleikinn á samlögun afar takmarkaður – samlögunaraðgerðum hefur helst verið beint að Mizrahim gyðingum. Þó má nefna að ísraelsk stjórnvöld hafa reynt að hafa áhrif á námsskrá palestínskra skólabarna í Austur-Jerúsalem, og hótad því að að skipta út skólum UNRWA fyrir skóla sem notast við ísraelska námsskrá (Sameinuðu þjóðirnar 2019, 19). Samkvæmt Veracini veikir skortur á samlögunarstefnu stöðu landtökuverkefna: sem landtökuverkefni hefur Ísrael ekki getað hugsað sér samlögun Palestínumanna og því þurft að einbeita sér að öðrum gerðum tilfærslu. Landtökuverkefni sem einblína á kynþáttavætt (e. ethnoracial) þjóðerni, eins og Ísrael, neyðast til þess að reiða sig á varanlegar aðskilnaðaraðgerðir. Þar sem þær halda íbúarekstrinum í skefjum (e. contain) frekar en stjórna honum (e. manage) eru aðgerðirnar líklegar til þess að mistakast að lokum (Veracini 2010, 131–32).

Annað dæmi um kerfisbundna tilfærslu er *tilfærsla með þvingaðri breytingu á lífsháttum* (e. transfer by coerced lifestyle change), en hún á sér stað þegar lífshættir innfæddra eru færðir til. Þessi tilfærsla byggir oft á áðurnefndri flökkuvæðingu sem gerir landtökuverkefnum kleift að hrinda af stað annars konar tilfærslum. Ein birtingarmynd þessarar tilfærslu er eyðilegging á vistkerfum innfæddra, en þá er það hefðbundin efnahagsstarfsemi innfæddra sem er færð í burtu og flökkuvæðing innfæddra þannig knúin fram (Veracini 2010, 44). Í gegnum ritgerðina hefur verið sýnt fram á að Ísrael beiti þessari gerð tilfærslu í miklum mæli. Annað dæmi eru aðgerðir gagnvart palestínskum Bedúinasamfélögum á svæði C, en ógnin um tilfærslu vofir stöðugt yfir þeim ásamt því að byggðir þeirra eru reglulega eyðilagðar af hernum (Sameinuðu þjóðirnar 2019, 9).

Stjórnsýslutílfærsla (e. administrative transfer) vísar síðan til þess þegar landamæri stjórnsýslu landtökubyggðarinnar eru endurteiknuð og innfæddir missa réttindi sem þeir höfðu í fyrra skipulagi; hér eru það réttindi, ekki líkamar, sem eru færð til. Landtökuríki halda fram algjöru fullveldi hvað varðar það að setja og fylgja eftir mörkum stjórnsýslu (Veracini 2010, 44). Áform um frekari innlimun Vesturbakkans er dæmi um stjórnsýslutílfærslu, auk landamærabreytinga árið 1948 og 1967; flokkunar landsvæða í svæði H1 og H2; A, B og C; auk síbreytilegra svæða C. Í skýrslu ESCWA-stofnunar Sameinuðu þjóðanna er staðhæft að aðskilnaðarstefna Ísraels hafi stjórnsýslulega skipt Palestínumönnum í fjóra hluta: þá með ísraelskan ríkisborgararétt sem lúta ísraelskum lögum, þá með stöðu varanlegrar búsetu í hernuminni Austur-Jerúsalem, þá á Vesturbakkanum og á Gaza-ströndinni, sem lúta ísraelskum herlögum; og Palestínumenn í útlegð sem Ísrael hefur kerfisbundað neitað um réttinn til þess að snúa aftur til síns heima (ESCWA 2017, 4).

Diplómatísk tílfærsla (e. diplomatic transfer) er þegar innfæddir eru „lokaðir af“ innan fullvalda eða hálf-fullvalda stjórnareininga. Í þessari tegund tílfærslu er hluti landsvæðisins tekinn út fyrir stjórnareiningu landtökuverkefnisins og innfæddir færðir út fyrir íbúarekstur þess (Veracini 2010, 45). Takmarkað fullveldi á yfirborðinu skapar þó ekki rof á ferlum landtöku-nýlendustefnu og rökvisi útrýmingar. *Ódiplómatísk tílfærsla* (e. non-diplomatic transfer) er síðan þegar landtökuríki afsalar sér ábyrgð á tilteknu svæði á yfirborðinu en heldur þó eftir stjórn að mestu leyti, til dæmis með brotthvarfi ísraelska hersins frá Gaza. Eins og með diplómatískri tílfærslu virðist hluti landsvæðis vera tekinn út fyrir stjórnareiningu landtökuverkefnisins, og innfæddir þar með færðir út fyrir íbúarekstur þess (Veracini 2010, 45). Í samhengi þessarar ritgerðar má færa rök fyrir því að diplómatísk og ódiplómatísk tílfærsla renni saman í eitt: takmarkaður möguleiki er á sjálfstæðum stjórnareiningum innfæddra innan landtöku-nýlendustefnu, nema þá á yfirborðinu, auk þess sem PA er af mörgum álitið undirverktaki Ísraels. Ísraelsk yfirvöld stjórna í reynd öllum hliðum lífs Palestínumanna á Gaza-ströndinni og á Vesturbakkanum.

Fangelsun/glæpavæðing/stofnanavistuninnfæddra (e. indigenous incarceration/criminalisation/institutionalisation) er þegar innfæddir eru þvingaðir í einhvers konar stofnanavistun. Fangelsun færir innfædda í burtu frá landsvæðum sínum og í annan flokk íbúarekstursins. Oft er samasemmerki gert á milli glæpsamlegrar hegðunar og þess að vera innfæddur; þegar innfæddir eru sameiginlega endurflokkaðir sem glæpamenn er flokkur innfæddra í íbúarekstrinum tæmdur og landtökuverkefnum er gert kleift að afneita pólitísku eðli baráttu og krafna innfæddra (Veracini 2010, 45–46). Ísrael hefur að miklu leyti tekist að

endurflokka Palestínumenn sem hryðjuverkamenn; hugmyndar sem finnur samhljóm hjá þeim sem álíta Ísrael lýðræðislegt vin í kynþáttavæddri eyðimörk.

Fangelsun Palestínumanna er svo umfangsmikil að samtök á borð við *Addameer* og *Samidoun* eru sérstaklega tileinkuð málaflökknum. Samkvæmt nefnd Sameinuðu þjóðanna voru 5.150 Palestínumenn vistaðir í ísraelskum fangelsum í júlí 2019, þar af 210 börn, 38 konur og 460 í svokölluðu *stjórnsýslulegu varðhaldi* (e. administrative detention), sem gerir Ísrael kleift að halda Palestínumönnum í fangelsi í allt að sex mánuði án þess að leiða þá fyrir dóm. Þessi vistun getur verið endurnýjuð óendanlega oft, og því hafa margir Palestínumenn verið í stjórnsýslulegu varðhaldi í fleiri ár. Stjórnsýslulegt varðhald er byggt á leyndum upplýsingum, og þeim er hvorki deilt með grunuðum né lögfræðingum þeirra (Sameinuðu þjóðirnar 2019, 9). Tvískipt dómskerfi er í Ísrael: ísraelsk herlög ná yfir alla Palestínumenn sem eru ekki með ríkisborgararétt eða stöðu varanlegrar búsetu, þrátt fyrir að hefðbundin ísraelsk lög nái yfir landtökufólk á Vesturbakkanum.

Fangelsun og glæpavæðing palestínskra barna, auk meðferðar á þeim í gæsluvarðhaldi, brýtur samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna gegn sáttmálum um réttindi barna sem tryggja þeim sérstaka vernd. Varðhald og yfirheyrslur á Palestínumönnum hafa auk þess vakið áhyggjur um að falla undir pyntingar og dauðsföll í varðhaldi eru algeng. Hefð um „tifandi tímasprengju“ (e. ticking bomb doctrine) var komið á fót af Hæstarétti Ísraels árið 1999, og byggir á því að pyntingar séu ekki ólöglegar í tilfellum Palestínumanna sem eru grunaðir um að eiga aðild að Hamas. Útvíkkun á lögnum árið 2018 gaf heryfirvöldum ríkara umboð til þess að beita pyntingum gegn Palestínumönnum (Sameinuðu þjóðirnar 2019, 10), og er ein birtingarmynd glæpavæðingar innfæddra. Í fyrri Intifada-uppreisninni jókst notkun á stjórnsýslulegu varðhaldi, auk þess sem fangelsun varð tíðari yfir höfuð. Fangelsun varð í kjölfarið eins konar þvinguð manndómsvígsla eða andspyrnumenntun fyrir Palestínumenn (Smith 2017, 595).

Til eru margvíslegar tegundir og nálganir á tilfærslu, sem eru ekki allar nefndar hér, en eiga sér allflestar einhverja hliðstæðu í dæmi Ísraels og Palestínu. Í grunninn er landtöku-nýlendustefna skipulag, ekki atvik og því er tilfærsla – sem stýrist eins og öll stefnumótun landtökuverkefna af rökvisi útrýmingar – aldrei stakur atburður, heldur kerfisbundin og áframhaldandi.

3.6 Samantekt

Landtöku-nýlendustefna er altækt, landmiðað (e. land-centered) verkefni sem samhafir mikinn fjölda þátttakenda (Wolfe 2006, 397). Hún leitast við að útrýma samfélögum innfæddra í þeim

tilgangi að ná lokamarkmiðinu, sem er að vera ekki lengur álitid landtökuverkefni og rísa þannig ofar sjálfu sér. Landtöku-nýlendustefna byggist á aðflutningi samfélaga fólks sem leitast eftir því að leggja undir sig landsvæði og stofna aðskilin, fullvalda samfélög á „tómum“ landsvæðu. Þetta var speglað í fjölmörgum hugmyndum sionista um Palestínu, til dæmis sem eyðimörk, tjaldbúðir Araba og land án fólks fyrir fólk án lands – orðræða sem tengist evrópskum heimsvalda- og nýlenduhugmyndum um menningarlegt tómarúm. Landtöku-nýlendustefna er ekki undirflokkur nýlendustefnu, heldur stendur sjálfstætt sem fræðigrein. Mismunandi markmið þessara stefna skapa ólík venslakerfi og kalla fram ólíka andspyrnu innfæddra, sem sést meðal á þátttöku Palestínumanna á ójöfnum vinnumarkaði.

Landtöku-nýlendustefna og rökvísi útrýmingar eru skipulag, en ekki atvik. Í neikvæðri vídd landtöku-nýlendustefnu er samfélögum innfæddra útrýmt og í jákvæðu víddinni á uppbygging landtökuríkisins sér stað. Samkvæmt greiningu landtöku-nýlendustefnu er pólitískur sionismi landtökuverkefni: hvötin til þess að stofna aðskilið samfélag gyðinga og taka yfir sem mest landsvæði hefur birst í viðvarandi baráttu Ísraels gegn innfæddum Palestínumönnum, bæði fyrir og eftir stofnun Ísraelsríkis. Áframhaldandi tilvist innfæddra er hindrun í vegi sioníska landtökuverkefnisins og mótar stefnu ísraelskra yfirvalda – knúna áfram af rökvísi útrýmingar – gegn Palestínumönnum á hernumdu svæðunum, innan landamæra Ísraels og í útlegð. Í þeim skilningi er *Nakba* áframhaldandi, og síútvíkkandi landamæri Ísraels, klofning palestínskra samfélaga og niðurrið á húsum eru birtingarmyndir kerfisbundins *Nakba*.

Virgni landtöku-nýlendustefnu er ekki endilega háð við- eða fjarveru formlegra ferla ríkisins (Wolfe 3006, 397), heldur tekur á sig margar myndir. Innrásarlýðurinn táknar öfgafullar aðgerðir sem aðstoða landtökuríkið við að víkka út landamæri sín, en þetta ferli á sér hliðstæðu í stofnsetningu óafturkræfra staðreynda á grundu á palestínskum landsvæðum. Eftir að rykið hefur sest öðlast þessar aðgerðir lögmæti í gegnum framgang sögunnar, sem undirstrikar mikilvægi þess að tíminn líði í landtöku-nýlendustefnu. Eins og önnur landtökuverkefni gerir Ísrael beinlínis ráð fyrir því að lögleiða aðgerðir *eftir* að þær hafa verið framkvæmdar.

Landbúnaður er síðan táknrænn fyrir tengingu ísraelska landtökusamfélagsins við landið annars vegar, og meint rótleysi innfæddra Palestínumanna hins vegar. Landbúnaður hefur mikilvægt hugmyndafræðilegt og táknrænt gildi í landtökusamfélögum umfram það að vera mikilvægur hluti hagkerfisins – ræktun landsins táknar tengsl við það. Ísrael leitast við að skapa sjálfsuppfyllandi spádóma um rótleysi Palestínumanna með bókstaflegri eyðileggingu og kerfisbundri bælingu palestínsks landbúnaðs. Á meðan dafnar ísraelskur landbúnaður dafnar og étur sig inn á palestínsk landsvæði. Innlendri flóru hefur verið skipt út fyrir Evrópuvædda skóga

og almenningsgarða; á meðan barrtrén sem hafa verið gróðursett yfir leifar palestínskra þorpa víða um Ísrael eru tákn um Evrópuvæðingu, eignarhald gyðinga og endurskrifaða sögu landsins hafa ólífutré jafnframt orðið tákn um þrautseigju Palestínumanna og áframhaldandi tengsl þeirra við það – þrátt fyrir tilraunir landtökuríkisins til þess að eyða þessum tengslum (Ross 2019, 1).

Íbúarekstur vísar til íbúa landsvæða undir stjórn landtökuríkisins. Þetta á við landsvæði Ísraels og Palestínu í heild sinni, þar sem stjórn Ísraels á lífi Palestínumanna er nánast algjör. Palestínumenn utan Ísraelsríkis eru innfæddir aðir, Palestínumenn innan þess eru utanaðkomandi aðrir og báðir hóparnir dansa á línu fyrirlitlegra annarra. Ofuráhersla á meirihluta gyðinga, höfnun á samlögun Palestínumanna og áhyggjur af lýðfræðilegri uppbyggingu ríkisins flækir íbúareksturinn umtalsvert. Íbúareksturinn er aðeins sveigjanlegur upp að vissu marki: jafnvel þegar Ísrael víkkar út landamæri sín halda Palestínumenn flokki sínum í íbúarekstrinum og geta ekki öðlast réttindi sem fylgja öðrum flokkum. Palestínumenn eru þannig varanlega jaðarsettir innan og utan Ísraelsríkis. Í tilfelli Ísraels er aðskilnaðarstefna viðurkennd með lögum og allir sem eru ekki gyðingar eru í raun utanaðkomandi. Þeir gyðingar sem eru ekki hvítir eru jafnframt undirskipaðir innan flokks landtökusamfélagsins: gyðingar af Arabaættum eru kynþáttavæddir sem Mizrahim gyðingar og undirskipaðir evrópskum Askhenazi gyðingum. Á sama tíma eru eþíópískir gyðingar að miklu leyti útilokaðir. Þetta rennir stoðum undir þá hugmynd að sionismi sé fyrst og fremt hvítt, evrópskt landtökuverkefni – ekki öruggt skjól fyrir alla gyðinga. Stefnumótun Ísraels byggist þannig á því að verja hvítt, vestrænt vígi í Mið-Austurlöndum með því að útrýma Palestínumönnum og öðrum annarleikum.

Árangursríkur íbúarekstur er ferli þar sem landsvæði eru smám saman tæmd af utanaðkomandi og innfæddum annarleikum, auk þess sem landtökuverkefnið hefur fjarlægt sig frá fyrirlitlegum öðrum til frambúðar og dregið innvortis og útvortis línur sem ekki er hægt að fara yfir. Sérvalin inntaka, samlögun, brottrekstur, tilfærsla og aðskilnaður eru samrýmanlegar, og oft samliggjandi, aðferðir sem landtökuverkefni nota til þess að stjórna íbúarekstri sínum. Virkni þeirra allra miðar að því að tæma íbúareksturinn af annarleikum, og eins og aðrar aðgerðir landtöku-nýlendustefnu einkennast þær af viðleitni hennar til þess að rísa ofar sjálfri sér (Veracini 2010, 26–27). Þrátt fyrir að annarleikar hjálpi landtökusamfélagi að skapa sjálfsmynd þar sem það sjálft er forskriftin, leitast það á sama tíma eftir því að skapa einsleitt samfélag þar sem rökvísi útrýmingar hefur runnið sitt skeið á enda og ekki er hægt að bera kennsl á virkni landtöku-nýlendustefnu. Stefnumótun Ísraels byggist þannig á því að verja hvítt,

vestrænt vígi í Mið-Austurlöndum með því að útrýma Palestínumönnum og öðrum annarleikum. Þessu ferli er þó aldrei fyllilega lokið.

Sjálfsmynd Ísraels, eins og annarra landtökuverkefna, byggist á vissri tvíræðni og óuppgerðri spennu á milli innlendu- og Evrópuvæðingar. Landtökusamfélagið sér sjálft sig sem bæði innfætt og utanaðkomandi, auk þess sem sjálfsmynd ísraelskra gyðinga byggist á tvístraðri tilvist. Sjálfsmynd Ísraels er grundvölluð á hugmyndum um fornt ríki gyðinga og sérstöðuhyggu sem krefst undantekningar frá viðteknum hugmyndum um frjálslynd lýðræðisríki. Fyrir sionista var aðeins einn upprunarstaður, Palestína; jafnvel áður en aðflutningur hófst var innlenduvæðing því forsenda landtökunnar. Ísrael notar menningaruppruna Mizrahim gyðinga til þess að innlenduvæða sig, á sama tíma og þeir eru undirskipaðir Ashkenazi gyðingum. Evrópuvæðing er einnig fyrirferðarmikil í sjálfsmynd Ísraels og er ljós í áherslunni á evrópskt yfirbragð landslagsins og staðhæfingum um að Ísrael sé frjálslynt nútímalýðræðisríki.

Rótgrónar hugmyndir um tilfærslu innan sionískrar hugmyndafræði – samræmd lagaleg, hernaðarleg og efnahagsleg taktík til þess að reka Palestínumenn á brott eða losna við þá á annan hátt – hafa verið hluti af stefnumótun Ísraelsríkis frá stofnun þess árið 1948. Auk þess létu sionistar sig dreyma um tilfærslu Palestínumanna löngu fyrir stofnun ríkisins (Salamanca o.fl. 2013, 1–2; Masalha 1994). Tilfærsla Palestínumanna hefur tekið á sig ýmsar myndir og birst í bókstaflegum brottrekstri auk annars konar útrýmingu, tilfærslu í orðræðu og stefnumótun – til dæmis í fangelsun, framgangi sögunnar, stjórnsýslubreytingum og öðru – sem allt miðar að því að tæma flokk þeirra í íbúarekstrinum.

4 Lokaorð

Hefðbundin umfjöllun um Ísrael og Palestínu byggist oft á þeim skilningi að aðstæðurnar séu röð einstakra atvika, frekar en samfelld framvinda byggð á undirliggjandi skipulagi. Í þessari túlkun hallar jafnvel á Palestínumenn þar sem þeir eru álitnir beita hryðjuverkum og uppskera þannig réttmætt, skipulagt ofbeldi Ísraels. Túlkun á sambandi Ísrael og Palestínu sem samhverfrar deilu framkallar óumflýjanlega ákveðin viðbrögð frá alþjóðasamfélaginu: formgerðin þykir jafnvel réttlæta stefnu Ísraels gegn Palestínumönnum, sem byggist á harðræði. Áhersla Ísraels á hervætt öryggi er í þessum skilningi réttmætt; beita þurfi öllum leiðum til þess að verja „siðmenntað“ vígi Evrópubúa í Mið-Austurlöndum gegn þeirri „lýðfræðilegu ógn“ sem Palestínumenn eru.

Markmið ritgerðarinnar var að afbyggja hugmyndina um um Ísrael og Palestínu sem deilu og færa þess í stað rök fyrir því að aðstæðurnar séu sviðsmynd landtöku-nýlendustefnu. Í gegnum umfjöllun um helstu einkenni og kenningar landtöku-nýlendustefnu, samhliða tengingum við sögulegt samhengi og núverandi aðstæður Ísraels og Palestínu, var nýju ljósi varpað á aðstæðurnar. Í byrjun ritgerðarinnar var „deilan“ svokallaða sett í sögulegt samhengi og framvindan rakin í grófum dráttum. Næst var fjallað um landtöku-nýlendustefnu, og henni lýst sem aðstæðum sem verða til með aðflutningi samfélags sem heldur fram fullveldi, leggur undir sig landsvæði og leitast við að tæma þau af innfæddum íbúum; á grundvelli þeirrar væntingar að það muni að lokum rísa ofar sjálfu sér. Þessar aðstæður voru tengdar við vilja pólitísku sionisma til þess að stofnsetja sjálfstætt og fullvalda ríki evrópskra gyðinga í Palestínu, en þannig var grunnur lagður að röksemdafærslu ritgerðarinnar.

Í næstu köflum var greiningarrámmi landtöku-nýlendustefnu notaður til þess renna frekari stoðum undir þessa röksemdarfærslu. Fjallað var um rökvísi útrýmingar – sem lýsir tilraunum landtökuverkefna til þess að útrýma innfæddum á þeim landsvæðum sem þau leggja undir sig – sem eitt grundvallareinkenni landtöku-nýlendustefnu og helsta hreyfiafl hennar. Þetta var tengt við samband Ísrael og Palestínu, og rök þannig færð fyrir því að öll stefnumótun Ísraels, og áður sionista, gegn Palestínumönnum hafi grundvallast af þessari rökvísi. Einnig voru jákvæðar og neikvæðar víddir landtöku-nýlendustefnu skoðaðar, ásamt þeirri staðreynd að hún er skipulag – félagsleg formgerð og samfelldni í tíma – en ekki atvik. Þannig voru færð rök fyrir því að *Nakba* sé áframhaldandi, óklárað þjóðarmorðaaugnaklik og lifi áfram í viðvarandi undirokun Palestínumanna bæði innan og utan landamæra Ísrael.

Því næst var fjallað um nokkra ferla landtöku-nýlendustefnu, þar á meðal hinn svokallaða innrásarlýð, framgang sögunnar, nútímavæðingu, landbúnað og staðhæfingar um rótleysi

innfæddra. Þessir ferlar voru tengdir við Ísrael sem landtökuverkefni, sem sýndi meðal annars fram á hvernig staðreyndir á grundu þenja út landamæri Ísraels, og framgangur sögunnar gerir útrýmingu og brottrekstur innfæddra Palestínumanna, og yfirtöku á landsvæðum þeirra, lögmæta. Samkvæmt pólitískum sionisma gátu gyðingar einir tamið landið og látið „eyðimörkina“ blómstra; palestínskri flóru var þannig skipt út fyrir evrópskar tegundir og sjálfbærni Palestínumanna hindruð með öllum leiðum.

Næst var fjallað um íbúarekstur Ísraels, sem byggist, eins og í öðrum landtökuverkefnum, á því að þurrka út annarleika og að lokum fela virkni landtöku-nýlendustefnu. Í Ísrael er íbúareksturinn flæktur með ofuráherslu á meirihluta gyðinga og þeirri staðreynd að ekkert ísraelskt þjóðerni er til sem nær yfir aðra en gyðinga. Auk þess gerir áhersla á hervætt öryggi gegn „lýðfræðilegum ógnum“ íbúareksturinn sérlega rammgerðan. Færð voru rök fyrir því að aðskilnaðarstefna sé staðfest með lögum í Ísrael, auk þess sem tvískipt tilvist Palestínumanna – sem eru bæði innfæddir og utanaðkomandi aðrir, eftir því hvar þeir búa – var útskýrð. Nálægð þeirra við flokk fyrirlitlegra annarra skýrist meðal annars af því að Ísrael hafnar samlögun á þeim sem eru ekki gyðingar, sem minnkar möguleika þess á því að rísa ofar sjálfu sér. Þar að auki var greint frá undirskipun gyðinga sem eru ekki hvítir innan flokks landtökusamfélagsins, og jafnvel utan þess, sem leiðir enn frekar rök að því að Ísrael sé í grunninn landtökuverkefni sem byggist á evrópskum heimsvalda- og nýlendustefnuhugmyndum. Einnig var greint frá kenningum um sjálfsmynd landtökuverkefna, sem einkennist helst af togstreitu á milli innlendu- og Evrópuvæðingar, og þær tengdar við Ísrael, sem er byggt á þúsunda ára gömlu biblísku tilkalli – sérstöðuhyggi sem leyfist engu öðru nútímalýðræðisríki. Lokakaflinn snerist um ýmsar birtingarmyndir tilfærslu innan landtökuverkefna, sem er jafnframt grundvallarhugmynd innan pólitíssk sionisma.

Í gegnum þessa umfjöllun voru aðstæðurnar settar inn í umgjörð landtöku-nýlendustefnu, og hugmyndir um Ísrael og Palestínu sem deilu tveggja jafnvígra þjóða þannig afbyggðar. Með notkun á heildstæðum greiningarramma er ljóst að aðstæðurnar, frá upphafi pólitíssk sionisma, eru ekki illleysanlegt púsluspil eða röð einstakra atvika, heldur samfelld framvinda sem grundvallast af ákveðnu skipulagi. Með notkun kenninga landtöku-nýlendustefnu og samanburði við önnur landtökuverkefni var sérstöðuhyggi Ísraels einnig dregin í efa; samkvæmt greiningu ritgerðarinnar er ríkið ekki griðastaður allra gyðinga, heldur fyrst og fremst hvítt, evrópskt landtökuverkefni – gyðingar eru ekki samofnir Ísrael, heldur eru þeir einnig sérvaldir inn í landtökusamfélagið og skipaðir í stigveldi eftir uppruna. Þessi skilningur leiðir jafnframt í ljós að Palestínumenn urðu flæktir í „deiluna“ við Ísrael einfaldlega með því

að búa á þeim landsvæðum sem sionista sóttust eftir. Þannig er ofbeldi þeirra, sem fær gjarnan mikil pláss í almennri umfjöllun, fyrst og fremst andspyrna frumbyggja gegn nýlenduveldi. Í orðum Lorenzo Veracini tryggir andspyrna og þrautseigja innfæddra það að landtöku-nýlendustefna er aldrei fullkomlega sigursæl, og aðra ritgerð mætti skrifa um það hvernig andspyrna Palestínumanna og alþjóðleg samstaða hefur lagt stein í götu Ísraels sem landtökuverkefni.

Þrátt fyrir að ekki hafi tekist að gera öllu skil er þessi ritgerð framlag til endurstillingar á hefðbundnum skilningi á „deilunni“ svokölluðu – örlítill dropi í stækkandi haf virkrar, gagnrýnnar fræðimennsku um Palestínu og Ísrael. Vonin er sú að slík fræðimennska, og sá nýi skilningur sem hún framkallar á aðstæðunum, vekir upp áleitnar spurningar í tengslum við leitina að raunverulegu réttlæti fyrir alla íbúa svæðanna.

Heimildaskrá

- Abulhawa, Susan. 2017. „Invention of the Mizrahim.“ *aljazeera.com*, 20. september. Sótt 2. júní 2020. <https://www.aljazeera.com/indepth/opinion/invention-mizrahim-170920103701750.html>
- Abunimah, Ali. 2014. *The Battle for Justice in Palestine*. Chicago: Haymarket Books.
- Abunimah, Ali. 2019. „New Israeli report lies about anti-Semitism.“ *electronicintifada.net*, 25. september. Sótt 10. maí 2020. <https://electronicintifada.net/blogs/ali-abunimah/new-israeli-report-lies-about-anti-semitism>
- Al-Haq – Law in the Service of Man, BADIL Resource Center for Palestinian Residency and Refugee Rights, the Palestinian Center for Human Rights, Al Mezan Centre for Human Rights, Addameer Prisoner Support and Human Rights Association, the Civic Coalition for Palestinian Rights in Jerusalem, the Cairo Institute for Human Rights Studies, and Habitat International Coalition – Housing and Land Rights Network. 2019. *Joint Parallel Report to the United Nations Committee on the Elimination of Racial Discrimination on Israel's Seventeenth to Nineteenth Periodic Reports*. Sótt 3. júní 2020. https://tbinternet.ohchr.org/Treaties/CERD/Shared%20Documents/ISR/INT_CERD_NGO_ISR_39700_E.pdf
- Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Desember 1948. Ályktun númer 194, „Palestine - Progress Report of the United Nations Mediator.“ Sótt 6. febrúar 2020 af <https://unispal.un.org/DPA/DPR/unispal.nsf/0/C758572B78D1CD0085256BCF0077E51A>
- Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. 13. september 2007. „Declaration on the Rights of Indigenous Peoples.“ Sótt 30. maí 2020 af <https://www.un.org/development/desa/indigenouspeoples/declaration-on-the-rights-of-indigenous-peoples.html>.
- Berlin, Isaiah. 1969. „Two Concepts of Liberty.“ *Four Essays On Liberty*, 118–72. Oxford: Oxford University Press. Sótt 5. maí 2020. [https://cactus.dixie.edu/green/B_Readings/I_Berlin Two Concepts of Liberty.pdf](https://cactus.dixie.edu/green/B_Readings/I_Berlin%20Two%20Concepts%20of%20Liberty.pdf)
- B'tselem. 2013. „Acting the Landlord: Israel's Policy in Area C, the West Bank.“ Sótt 1. júní 2020. https://www.btselem.org/publications/summaries/201306_acting_the_landlord
- Collins, John. 2011. *Global Palestine*. London: Imprint Digital.
- Cook, Jonathan. 2017. „Israel urged to apologise for disappeared babies.“ *aljazeera.com*, 2. janúar. Sótt 2. júní 2020. <https://www.aljazeera.com/indepth/features/2017/01/israel-urged-apologise-disappeared-babies-170101134501812.html>.
- Davis, Angela Y. 2016. *Freedom Is a Constant Struggle: Ferguson, Palestine and the Foundations of a Movement*. Chicago: Haymarket Books.
- Du Bois, W.E.B. *Black Reconstruction in America, 1860–1880*. New York: Hartcourt.

- Economic and Social Commission for Western Asia (ESCWA). 2017. „Israeli Practices towards the Palestinian People and the Question of Apartheid.“ Sótt 21. júní 2020. <https://oldwebsite.palestineudies.org/sites/default/files/ESCWA%202017%20%28Richard%20Falk%29%2C%20Apartheid.pdf>
- Elkins, Caroline og Susan Pedersen. 2005. *Settler Colonialism in the Twentieth Century: Projects, Practices, Legacies*. London: Routledge.
- Herzl, Theodor. 1941. *Old-New Land (Altneuland 1902)*. Þýðandi Lotta Levensohn. New York: Bloch Publishing.
- Knesset (ensk þýðing eftir Dr. Susan Hattis Rolef). 2018. „Basic Law: Israel - the Nation State of the Jewish People.“ Sótt 25. maí 2020. <https://knesset.gov.il/laws/special/eng/BasicLawNationState.pdf>
- Lloyd, David. 2012. „Settler Colonialism and the State of Exception: The Example of Palestine/Israel.“ *Settler Colonial Studies* 2 (1): 59–80. Sótt 20. janúar 2020. <https://doi.org/10.1080/2201473X.2012.10648826>.
- Masalha, Nur. 1992. *Expulsion of the Palestinians: The Concept of “Transfer” in Zionist Political Thought*. Washington, D.C.: Institute of Palestinian Studies.
- Middle East Eye. 2020. „Netanyahu says Palestinians in annexed land will not be offered Israeli citizenship.“ *middleeasteye.net*, 28. maí. Sótt 2. júní 2020. https://www.middleeasteye.net/news/netanyahu-palestinians-jordan-valley-annexation-israeli-citizenship?fbclid=IwAR1kA7IiH2ksguiLv_mBKaHEUA77JJO73H6WSpOwiFdYn-WS0uWbRvkTB90
- Minority Rights Group International. 2019. „A Reflection of Israel’s Stance on African Asylum Seekers and Migrants.“ Sótt 10. júní 2020. <https://minorityrights.org/2019/04/17/a-reflection-of-israels-stance-on-african-asylum-seekers-and-migrants/>
- Monitoring Israeli Colonizing Activities. 2004. „The Epidemic of Israeli Outposts.“ Sótt 25. maí 2020. <http://poica.org/2004/07/the-epidemic-of-israeli-outposts/>
- OCHA Occupied Palestinian Territory (oPt). 2019. „Israel Terminates TIPH Operations in H2: Further Shrinking of Humanitarian Space Leaves Residents Facing Increased Protection Risks.“ Sótt 10. maí 2020. <https://www.ochaopt.org/content/israel-terminates-tiph-operations-h2-further-shrinking-humanitarian-space-leaves-residents>
- Pappé, Ilan. 2006. *The Ethnic Cleansing of Palestine*. London: Oneworld.
- Pappé, Ilan. 2017 *Ten Myths about Israel*. Israel: Verso Publications.
- Ross, Andrew. 2019. *Stone Men*. Brooklyn, NY: Verso Publications.
- Salamanca, Omar Jabary, Mezna Qato, Kareem Rabie, og Sobhi Samour. 2013. „Past Is Present: Settler Colonialism in Palestine.“ *Settler Colonial Studies* 2 (1): 1-8. Sótt 13. apríl 2020. <https://doi.org/10.1080/2201473X.2012.10648823>.

- Sameinuðu þjóðirnar. 2019. *Report of the Special Committee to Investigate Israeli Practices Affecting the Human Rights of the Palestinian People and Other Arabs of the Occupied Territories*. Skýrsla kynnt á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, 20. september. Sótt 10. maí 2020. <https://www.un.org/unispal/document/report-of-special-committee-to-investigate-israeli-practices-affecting-human-rights-of-palestinian-people-and-other-arabs-of-occupied-territories-a-74-356/>
- Shafir, Gershon. 1996. *Land, Labor, and the Origins of the Israeli-Palestinian Conflict, 1882-1914*. Berkeley: University of California Press.
- Smith, Charles D. 2017. *Palestine and the Arab-Israeli Conflict: A History with Documents*. Boston: Bedford Books.
- UNCTAD. 2016. „The Besieged Palestinian Agricultural Sector.“ Sótt 30. maí 2020. https://unctad.org/en/PublicationsLibrary/gdsapp2015d1_en.pdf
- Utanríkisráðuneyti Ísraels. e.d. „Palestinian Terror and Incitement.“ Sótt 10. júní 2020. <https://mfa.gov.il/mfa/foreignpolicy/terrorism/palestinian/pages/default.aspx>
- Utanríkisráðuneyti Ísraels. 1993. „Exchange of Letters between PM Rabin and Chairman Arafat.“ Sótt 5. júní 2020. <https://mfa.gov.il/mfa/foreignpolicy/peace/guide/pages/israel-plo%20recognition%20-%20exchange%20of%20letters%20betwe.aspx>
- Veracini, Lorenzo. 2010. *Settler Colonialism: A Theoretical Overview*. Basingstoke: Palgrave Macmillan.
- Veracini, Lorenzo. 2011. „Introducing Settler Colonial Studies.“ *Settler Colonial Studies* 1 (1): 1–12. Sótt 21. janúar 2020, doi: 10.1080/2201473X.2011.10648799.
- Wolfe, Patrick. 1999. *Settler Colonialism and the Transformation of Anthropology: The Politics and Poetics of an Ethnographic Event*. London: Cassell.
- Wolfe, Patrick. 2006. „Settler Colonialism and the Elimination of the Native.“ *Journal of Genocide Research* 8 (4): 387–409. Sótt 17. janúar 2020, doi: 10.1080/14623520601056240.
- Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. 22. nóvember 1967. Ályktun númer 242. Sótt 2. júní 2020. <https://unispal.un.org/unispal.nsf/0/7D35E1F729DF491C85256EE700686136>